



Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðherra 2020



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Ársskýrsla mennta- og menningarmálaráðherra

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9500 | mrn@mrn.is

Maí 2021

Ábyrgðarmaður: Lilja Alfreðsdóttir
Umsjón: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra	4
Starfsemi mennta- og menningarmálaráðuneytisins á árinu 2020	5
Fréttaannáll 2020	6
Hlutverk og skipulag mennta- og menningarmálaráðuneytis	8
Tölfræði um starfsemi ráðuneytisins 2020	9
Mannauður í ráðuneytinu	10
Frumvörp á árinu 2020	11
Helstu verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins á árinu 2020	12
Mennta- og vísindamál	13
Menningarmál	17
Aðgerðir og stuðningur vegna áhrifa COVID-19	18
Rekstur og fjárfestingar	21
Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020	22
Útgjöld málefnasviða og –flokka, staða og frávik	23
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	25
Málaflokkar	31
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	31
Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2020	31
Markmið og aðgerðir	32
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	69



Ávarp Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra

Árið 2020 mótaðist mjög af Covid-19 heimsfaraldrinum, sem hélt menntakerfinu, menningar- og íþróttalífinu í gíslingu stærstan hluta ársins. Kórónuveiran ógnaði heilsu fólks um allan heim, hagkerfi urðu fyrir miklu tjóni og samskipti fólks réðust af ströngum samfélags- og samkomutakmörkunum. Ársins 2020 verður hins vegar líka minnst fyrir árangurinn sem við náðum, samstöðunnar sem kvað niður smitbylgjurnar og stóra áfangasigra. Þannig tókst þjóðinni að halda skólakerfinu gangandi, styðja við menningu, íþróttir og atvinnulíf með öflugum hætti og lágmarka tjónið sem hlaust af heimsfaraldri.

Á árinu 2020 varð mikill framgangur í stórum málum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Menntasjóður námsmanna tók til starfa og færði námsmönnum gríðarlegan ávinning í saman-burði við eldra námslánakerfi. Þar má nefna lækkun höfuðstóls lána við námslok og beinan fjárstuðning vegna framfærslu barna í stað láns, en hvoru tveggja bætir mjög fjárhagsstöðu við námslok. Umfangsmikil vinna fór fram vegna menntastefnu, sem var lögð fyrir Alþingi eftir mikið og víðtækt samráð við skólasamfélagið. Ráðist var í margvíslegar aðgerðir í kvikmyndamálum og kvikmynda- stefna var lögð fram á árinu. Þjóðin setti heimsmet í lestri með frábærri þátttöku í verkefninu *Tími til að lesa*, aðsókn í kennaranám jókst áfram og útgefnum bókaitilum fjölgaði mjög eftir að opinber stuðningur við útgáfu bóka á íslensku varð að veruleika. Undir- búningur við gerð nýrra þjóðarleikvanga í íþróttum gekk vel og

markvissar aðgerðir til að fjölga nemum í starfsnámi skiluðu frábærum árangri. Þúsundir nemenda skráðu sig í sumarnám á framhalds- og háskólastigi, sem ráðuneytið efndi til í samstarfi við skólana, og frumvarp um breytingar á aðgangsskilyrðum var lagt fyrir Alþingi. Listamannalaunum var fjölgað, samkeppnis- og verkefnasjóðir voru stækkaðir, fjárveitingar til íþrótt- og menningarstarfs voru í hæstu hæðum og samskipti ráðuneytisins við hagaðila meiri en nokkru sinni fyrr. Fjarfundir með skólafólki, íþróttahreyfingunni og stjórnendum í menningargeiranum voru óteljandi, þar sem ráðuneytið kallaði eftir afstöðu og þörfum greinanna í heimsfaraldri og átti gott samtal um aðgerðir hins opinbera. Tillögur að framtíðarstefnu um samræmt námsmat voru kynntar á árinu og í fyrsta sinn nutu einkareknir fjölmiðlar stuðnings frá hinu opinbera. Heildstæð stefna um menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku var kynnt og ráðist var í tilraunaverkefni sem miða að því að bæta stöðu þess hóps.

Viða um heim kljást þjóðir við afleiðingar þess að skólar voru lokaðir stóran hluta ársins vegna Covid-19. Sums staðar óttast yfirvöld að tjónið sem af því hlýst sé óbætanlegt, en vonandi verður það ekki raunin. Hér á landi tókst hið ómögulega – að halda skólastarfi gangandi gegnum allan heimsfaraldurinn og ekkert bendir til annars en að námsframvinda barna og ungmenna verði eðlileg í framhaldinu. Ég er stolt yfir árangri skólakerfisins og þakklát fyrir samheldnina sem einkennt hefur samfélagið.

Starfsemi mennta- og menningarmála- ráðuneytisins á árinu 2020

Fréttannaáall 2020 (janúar–maí)

13. janúar

Grænbók um fjárveitingar til háskóla birt í Samráðsgátt.

18. janúar

Ráðherra og skólafólk heimsækir Svíþjóð.

26. janúar

Fjármagni veitt til uppbyggingar menningarsalar á Selfossi.

30. janúar


Nýtt skipurit ráðuneytisins kynnt.

5. febrúar

Tillögur að framtíðarstefnu um samræmt námsmat kynntar.

26. febrúar

Aðgerðaáætlun um starfs- og tækninám kynnt.



24. febrúar

Fimm ný verndarsvæði í byggð.

11. febrúar

Ísland undirritar alþjóðlegan sáttmála um rétt til táknaðs.



2. mars

Drög nýrrar menntastefnu fara í opið samráð.

10. mars

Kennsla heldur áfram þrátt fyrir neyðarstig almannavarna.



14. mars

Ráðherra skipar samráðshóp lykilaðila í menntakerfinu vegna áhrifa Covid-19.

20. mars

Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf gefin út.

14. apríl

Rúmum milljarði kr. veitt til menningar-, æskulýðs- og íþróttastarfs vegna Covid-19.

8. apríl

Starfshópur skipaður um skráningarkerfi grunnskólakennemenda.

3. apríl

Takmarkanir á skólastarfi framlengdar.

1. apríl

Lestahvatningin „Tími til að lesa“ hefst þar sem markmiðið er að setja heimsmet í lestri.



16. apríl

Fundur evrópskra menntamálaráðherra um Covid-19.

21. apríl

400 milljóna kr. stuðningur við einkarekna fjölmiðla vegna Covid-19.

22. apríl

800 milljónum kr. varið til sumarnáms í framhalds- og háskólum.



2. maí

Úthlutað úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fréttannaáall 2020 (maí–desember)

4. maí

Skólabyggingar framhaldsskóla opna að nýju.

24. maí

Úthlutun úr Barnamenningarsjóði.

27. maí

Drög kynnt að heildstæðri stefnu um menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku.

8. júní

118% aukning í framhaldsnám leikskólakennara.




19. ágúst

Sameiginleg viljayfirlýsinglykil-aðila í starfi leik- og grunnskóla vegna skólastarfs á tímum Covid-19.

13. ágúst

Íþróttæfingar og keppnir hefjast að nýju.



24. júní

Metaðsókn í sumarnám.

9. júní

Lög um Menntasjóð námsmanna samþykkt á Alþingi.

10. september

Málþingið „Kófið og menntakerfið“.

6. október

Fyrsta heildstæða kvikmyndastefnan gefin út.



14. október

Tímamóta friðlýsing menningarlandslags í Þjórsárdal.

23. október

Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi kemur út.

10. nóvember

Mikilvæg skref stigin vegna þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnu.

3. nóvember

Málþingið „Ég er hér“ um menntun nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.



3. nóvember

Tilkynnt að brautskráningarhlutfall í framhaldsskólum hafi hækkað um 36%.




17. nóvember

Breyting á aðgangsskilyrðum háskóla kynnt.

Hlutverk og skipulag mennta- og menningarmálaráðuneytis

Hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis er að stuðla að öfluggu menningarlífi og mennta- og vísindastarfsemi til að auka lífsgæði fólks í landinu. Framtíðarsýnin er að starf á sviði mennta, vísinda, menningar og lista verði í fremstu röð. Helstu málefni sem mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með eru menntamál, rannsóknir og vísindi, listir og menningarstarf, fjölmiðlar, íþróttamál og æskulýðsstarfsemi.

Nýtt skipurit tók gildi í ráðuneytinu 15. febrúar 2020 í kjölfar úttektar á starfsemi, skilvirkni og skipulagi þess. Með því voru fagskrifstofur efltar en stoðskrifstofum fækkað. Bóðað var að vinnulag og ferlar yrðu endurskoðaðir, gæða- og mannauðsmál fengju aukið vægi sem og upplýsingamiðlun til almennings, stofnana og starfsfólks.



Tölfræði um starfsemi ráðuneytisins 2020

3.165

ný mál í málaskrá

206

fréttatilkynningar

40.464

ný skjöl í málaskrá

46

fyrirspurnir frá Alþingi

147

beiðnir um fund með ráðherra

20

mál í Samráðsgátt

Mannauður í ráðuneytinu

Starfsmenn	Fjöldi	Hlutfall	Meðalaldur
Karlar	22	29%	50,2
Konur	55	71%	49,6
Samtals	77	100%	49,8

Starfsfólk

Hlutfall skrifstofustjóra er 50% konur og 50% karlmenn. 83% starfsmanna ráðuneytisins eru háskólamenntaðir.



Nýr mannaúdsstjóri

Ráðið var í nýtt starf mannaúdsstjóra með það að leiðarljósi að efla faglega stýringu mannaúds og styrkja vinnustaðamenningu innan ráðuneytisins ásamt því að bæta samskipti og samstarf við forstöðumenn stofnana.



Spennandi sumarstörf

Ráðuneytið tók þátt í að skapa sumarstörf og réð til sín 16 háskólanema sem sinntu fjölbreyttum verkefnum fyrir ráðuneytið.



Jafnlaunavottun

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fékk jafnlaunavottun 2018 og hefur í kjölfarið verið framkvæmd árleg jafnlaunagreiðing innan ráðuneytisins. Niðurstöður jafnlaunagreiðingar hafa ætíð verið innan þeirra marka sem ráðuneytið hefur sett sér en einnig hefur ráðuneytið sett sér önnur markmið tengd jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins.



Störf án staðsetningar

Ráðuneytið réð á árinu sinn fyrsta starfsmann í starf án staðsetningar og stefnir að því að ráða inn fleiri starfsmenn í störf án staðsetningar á næsta ári.



Heilsusamlegur og grænn vinnustaður

Hlutfall starfsmanna sem nýta samgöngustyrk 35%.
Hlutfall starfsmanna sem nýta íþróttastyrk 57%.

Frumvörp á árinu 2020

Frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna.

- Lagt fram 1. nóvember 2019 og varð að lögum nr. 60/2020, 21. júní 2020.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, með síðari breytingum (EES-reglur).

- Lagt fram 21. nóvember 2019 og varð að lögum nr. 16/2020, 12. mars 2020.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, með síðari breytingum (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.).

- Lagt fram 6. desember 2019 en náði ekki fram að ganga.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla).

- Lagt fram 30. nóvember 2020 og hefur ekki hlotið afgreiðslu á yfirstandandi þingi.
-

Þingsályktunartillaga um menntastefnu 2021-2030

- Lögð fram 12. nóvember 2020. Þingsályktun var samþykkt 24. mars 2021.
-

Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum (takmarkanir á einkarétti höfunda til hagsbóta fyrir einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun).

- Lagt fram 7. október 2020 og varð að lögum nr. 13/2021, 18. mars 2021.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja).

- Lagt fram 17. nóvember 2020 og varð að lögum nr. 143/2020, 23. desember 2020.
-

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings).

- Lagt fram 30. nóvember 2020 og var samþykkt á Alþingi 19. apríl 2021.
-

**Helstu verkefni mennta- og menningarmála-
ráðuneytisins á árinu 2020**

Mennta- og vísindamál

Menntastefna 2030

„Öflugt menntakerfi er forsenda framfara og boðar ríkisstjórnin stórsókn í menntamálum. Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Lögð verður rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Nýsköpun og þróun verður að efla á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar.“

— *Úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.*

Mikilvæg verkefni ársins 2020 fólust í mótun og undirbúningi nýrrar menntastefnu. Mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um nýja menntastefnu í nóvember en hún var afrakstur yfirgripsmikils samráðs við skólasamfélagið og aðra hagaðila sem hófst veturinn 2018/2019 þegar haldnir voru 23 fræðslu- og umræðufundir um menntamál vítt og breitt um landið. Drög menntastefnunnar voru síðan til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda og bærust margar gagnlegar umsagnir og athugasemdir sem unnið var úr. Þá voru sérfræðingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) einnig til ráðgjafar við mótun stefnunnar og skilgreiningu á markmiðum hennar.

Stoðir stefnunnar eru:

- i. Jöfn tækifæri fyrir alla
- ii. Kennsla í fremstu röð
- iii. Hæfni fyrir framtíðina
- iv. Velliðan í öndvegi
- v. Gæði í forgrunni

Markmið nýrrar menntastefnu er að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli og því eru leiðarljós hennar þrautseigja, hugrekki, þekking, sjálfbærni og hamingja.

Innan menntastefnunnar eru fjölbætt umbótaverkefni sem sum hver eru þegar komin af stað. Má þar nefna aðgerðir til þess að fjölga starfandi kennurum, aðgerðir tengdar framþróun íslenskunnar og aukna áherslu á starfs-, iðn- og tæknináms.

Ráðgert er að innleiðingu menntastefnunnar verði skipt í þrjú tímabil og að við upphaf hvers tímabils verði lögð fram áætlun ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum. Fyrirhugað er að fyrsta áætlunin verði lög fram og kynnt af mennta- og menningarmálaráðherra innan sex mánaða frá samþykkt þingsályktunarinnar.





Háskólar og vísindi

Lög um nýtt stuðningskerfi fyrir námsmenn voru samþykkt á Alþingi í júní 2020. Lög um Menntasjóð námsmanna voru afrakstur heildarendurskoðunar námslánakerfisins hér á landi og miða að því að jafna stuðning og dreifingu styrkja ríkisins til námsmanna sem taka námslán. Nýtt fyrirkomulag námslána felur m.a. í sér að lánþegar sem ljúka prófgráðu innan tilgreinds tíma geta fengið námsstyrk sem nemur 30% niðurfærslu af höfuðstól námsláns að loknu námi. Þá fólu ný lög í sér að ábyrgðir um 30 þúsund eldri námslána voru felldar niður.

Aðgerðum sem miða að fjölgun kennara var fram haldið á árinu en haustið 2019 hófst 5 ára átaksverkefni á því sviði. Umsóknnum um kennaranám hefur fjölgað verulega milli ára, stefnt var að því að fjölga nýnemum í grunnnámi í 280 á árinu en þeim fjölgaði í um 460. Aðgerðirnar felast m.a. í hvatningarstyrkjum til kennaranema á lokaári, styrkjum til starfandi kennara til náms í starfstengdri leiðsögn og launuðu starfsnámi kennaranema.

Meðal aðgerða í stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs er að auka gæði og skilvirkni í háskólastarfi með því að efla fjármögnun og endurskoða reglur um fjárveitingar til háskóla. *Grænbók um fjármögnun háskóla* kom út á árinu en í henni er gerð grein fyrir núverandi fjárveitingakerfi, valmöguleikum við hönnun á nýju kerfi

og settar fram lykilspurningar til að efla umræðu um stefnu um háskóla og hvaða fyrirkomulag fjárveitinga styðji best við innleiðingu á slíkri stefnu. Ráðherra skipaði starfshóp um gæði og skilvirkni háskóla sem skilar tillögum um breytingar á reiknilíkani háskóla.

Unnið var að því að jafna aðgengi nemenda að háskólanámi og auka jafnræði milli lokaprófa bók- og starfsnáms úr framhaldsskóla og frumvarp þess efnis kynnt í árslok. Með þeirri breytingu mun skapast hvati fyrir háskóla til að skilgreina aðgangsviðmið í samræmi við kröfur til mismunandi náms, en með því verður til aukið gagnsæi sem nýtist nemendum, skólum og atvinnulífinu.

Á árinu var unnið markvisst að því að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði og samþykkt að koma á fót fagnámi fyrir sjúkraliða á háskólastigi. Komið var á fót Kennsluakademíu opinberu háskólanna en markmið hennar er að efla samtal um kennslu og kennsluþróun innan og milli háskólanna, allir fastráðnir háskólakennarar sem starfa innan opinberu háskólanna fjögurra í meira en 50% starfi geta sótt um aðild að akademíunni. Byggingu Húss íslenskunnar miðaði vel á árinu og voru nokkrir verkþættir framkvæmdanna á undan áætlun. Skrifað var undir viljayfirlýsingu um framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands á svæði Vísindagarða skólans í Vatnsmýri.

Framhaldsskólar

Markvisst er unnið að því að fjölga þeim sem útskrifast úr framhaldsskólum og hefur brautskráningarlutfall ekki mælst hærra og brotthvarf nýnema ekki minna um árabíl. Brýnt hefur verið fyrir stjórnendum framhaldsskóla að vinna sérstaklega gegn brotthvarfi. Þá er einnig verið að bæta gæði menntatölfræði sem nýtist til frekari stefnumótunar.

Aukin áhersla á starfs-, iðn- og tækninám hefur skilað sér í umtalsverðri fjölgun umsókna á slíkar námsbrautir framhaldsskólanna. Þegar teknar voru saman lykiltölur um nemendasamsetningu í framhaldsskólum og innritun haustið 2020 kom fram að alls 22.644 nemendur voru skráðir í 34 framhaldsskóla hér á landi. Þar af voru 31% nemenda skráð í starfsnám. Ný reglugerð um vinnustaðanám var kynnt í samráðsgátt í lok ársins. Fram til þessa hafa nemanar í iðnnámi verið sjálfir ábyrgir fyrir því að komast á námssamning, en með nýju reglugerðinni færast ábyrgðin á þessum námsþætti frá nemanum og yfir á skólana sjálfa. Með innleiðingu nýrrar reglugerðar og rafrænnar ferilbókar mun umgjörð starfsnáms verða nemendavænni og gæði starfsþjálfunar aukast.

Hafist var handa við að meta húsnæðisþörf fyrir iðn- og tækni-menntun á framhaldsskólastigi. Frumathugun vegna húsnæðisparfar Menntaskólans í Reykjavík er lokið, svo og vegna verknámsaðstöðu í

Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og unnið var að samningum við Reykjavíkurborg um fjármögnun þeirra verkefna. Framkvæmdir standa yfir varðandi nýtt félagsrými fyrir nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og lýkur þeim vorið 2021.

Ráðherra kynnti á Alþingi tvær skýrslur varðandi framhaldsskólastigið, um framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum og um mat á áhrifum styttingar á námi til stúdentsprófs. Ákveðið var að halda áfram að meta áhrifin næstu fimm árin. Aðgerðir sem miða að því að bæta aðgengi framhaldsskólanema að fjölbreyttri geðheilbrigðisþjónustu hafa verið unnar í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið. Á árinu var m.a. sett af stað þróunarverkefni þar sem samið var við nýsköpunarfyrirtækið Kara Connect um að veita framhaldsskólum aðgang að rafrænni þjónustu sérfræðinga í stoðkerfum skólanna, s.s. sálfræðinga, náms- og starfsráðgjafa, félagsráðgjafa o.fl.





Greiningar og sérstök verkefni

Sem lið í mótun menntastefnu var sérstök áhersla lögð á málefni nemenda með annað móðurmál en íslensku. Starfshópur skilaði drögum að stefnu á því sviði en markmið þeirrar vinnu var að greina stöðu þess fjölbreytta hóps í menntakerfinu, setja fram tillögur til úrbóta og hugmyndir um aðgerðir. Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltungi í skóla- og frístundastarfi kom út á þremur tungumálum en í honum er fjallað um mikilvægi þess að styðja við virkt fjöltungi barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi, byggja upp samstarf við foreldra og efla samskipti við börn í daglegu starfi. Ráðstefnan „Ég er hér“ fór síðan fram í nóvember en meginviðfangsefni hennar var menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Skýrslan *Framtíðarstefna um samræmt námsmat* var kynnt í ársbyrjun en að baki hennar var fjölmennur starfshópur sem falið var að skila tillögum um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Þá var einnig gefin út skýrsla um stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum. Verkefnishópur um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla hefur skilað skýrslu til mennta- og menningarmálaráðherra og hefur þegar verið hafist handa við ákveðnar aðgerðir byggðar á tillögum hópsins.

Starfshópur um skráningarkerfi grunnskólanemenda var komið á laggirnar, svo og starfshópur um eflingu kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum.

Íslensku menntaverðlaunin voru afhent að nýju eftir nokkurt hlé. Þeim er ætlað að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglingum.

Forvarnarverkefnið „Eitt líf“ fór aftur af stað en markmið þess er að sporna við notkun ávana- og fíkniefna, sér í lagi meðal ungmenna. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði ráðgjafahóp helstu hagaðila sem styður við faglega framkvæmd verkefnisins.

Menningarmál

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru voru veruleg á menningarstarf í landinu á árinu en unnið var að fjölbreyttum verkefnum á málefna- sviði menningar og lista.

Samvinna við Hagstofu Íslands vegna menningartengdrar tölfræði hefur verið aukin og hagrýsar þróaðir fyrir menningu, listir og skapandi greinar. Unnið var að aðgerðaáætlun sem byggist á gildandi menningarstefnu.

Skilgreind forgangsverkefni máltækniáætlunar stjórnvalda eru í vinnslu, alls 34 verkefni. Um 50 sérfræðingar í 10 fyrirtækjum, háskólum og stofnunum vinna nú að máltækniannsóknum og þróun innan þróunarhóps SÍM (Samstarf um íslenska máltækni). Meðal verkefna sem kynnt voru á árinu eru smáforritið Embla og raddgagnasafnið Samrómur.

Fyrsta heildstæða kvikmyndastefna stjórnvalda var kynnt á árinu. Stefnan ber yfirskriftina *Kvikmyndastefna til ársins 2030 – Listgrein á tímamótum* og var unnin í nánú samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda. Mótun hennar er liður í þeirri ætlan stjórnvalda að skjóta fjölbreyttari stoðum undir íslenskt atvinnulíf með sérstakri áherslu á greinar sem byggja á hugviti, sköpun og sjálfbærum lausnum.


Húsnæðis- og geymslumál safna voru í forgrunni á árinu. Unnið var að greiningu og áætlanagerð vegna húsnæðis þjóðskjalasafns Íslands og mörkun framtíðarsýnar í húsnæðismálum Listasafns Íslands. Fyrirhuguð er viðbygging við Listasafn Einars Jónssonar sem er á fyrstu stigum framkvæmdaáætlunar. Gengið var frá samningi við Seltjarnarnesbæ um yfirtöku á húsnæði Lækningaminjasafnsins

við Safnatröð fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Nes á Seltjarnarnesi er álitid vera kjörinn framtíðarstaður fyrir sýningar Náttúruminjasafns Íslands með hliðsjón af nánd við hafid, náttúru svæðisins og menningarsögulegu gildi staðarins. Fé var veitt til uppbyggingar menningarsalar á Selfossi.

Aurflóðin á Seyðisfirði í desember ollu miklum skemmdum á friðuðum húsum og öðrum menningarminjum. M.a. varð mikið tjón á Tækni- minjasafni Austurlands og sögulegri byggð í bænum. Stofnanir mennta- og menningarmálaráðuneytis hafa gegnt lykilhlutverki í fyrstu viðbrögðum vegna þjörgunar menningarminja. Þjóðminjasafn Íslands hefur leitt faglega vinnu við yfirferð muna Tækni minjasafnsins sem þjörguðust og sent sérfræðinga til starfa á Seyðisfirði, ásamt Þjóðskjalasafni Íslands og fleiri opinberum aðilum. Þjóðminjasafnið greiddi jafnframt kostnað við ferðir og upphald allra aðila sem komu að verkefninu. Minjastofnun Íslands fer með mál er varða friðuð og friðlýst hús og situr m.a. í ráðgjafanefnd Múlapings um ráðstafanir vegna húsa á og nærri skriðusvæðinu.

Unnið var að fjölþættum aðgerðum innan aðgerðaáætlunar verkefnisins *Áfram íslenska*, þar á meðal hófust endurgreiðslur vegna útgáfu bóka, íslensk málnefnd gerði drög að endurskoðun málstefnu og haldin var ráðstefna um menntun fjölgtyngdra barna og ungmenna. Framlög í bókasafnasjóð höfundar voru hækkuð umtalsvert.

Starfshópur skilaði tillögum til ráðherra vegna þjóðarleikvangs fyrir innanhússípróttir og áfram var unnið að verkefni um þjóðarleikvang í knattspyrnu. Hafid var að móta stefnu um málefni rafípróttá hér á landi og samskiptaráðgjafi ípróttá- og æskulýðsstarfs tók til starfa.



Aðgerðir og stuðningur vegna áhrifa COVID-19

Áhrifa heimsfaraldursins gætti nær alls staðar í samfélaginu á árinu. Sértekum stuðningsaðgerðum stjórnvalda var ætlað að koma til mótvægis þeim. Á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis var meðal annars um að ræða:



Sértæk námsúrræði í framhalds- og háskólum

Fjármunum var veitt til þess að auka námsframboð sumarið 2020. Markhópur sérstakra námsúrræða á háskólastigi sumarið 2020 voru einstaklingar sem vildu sækja undirbúningsnám fyrir háskólanám og einstaklingar sem vildu styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang.

Framlag til háskólanna vegna sumarnáms 2020 nam 500 m.kr. Háskólarnir lögðu til ríflega 200 námsleiðir á öllum fagsviðum sem sértæk námsúrræði og nýttu tæplega 5.000 nemendur sér þær (67,5% konur sem er áþekk skipting og er almennt í háskólum). Námsúrræðin voru flest einingabær eða

nýttust til styttingar náms viðkomandi nemenda. Samhliða tilkynnti stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna um breytta framvinduskilmála fyrir sumarlánnum sem fólu í sér fækkun á lágmarkseiningafjölda úr 15-ECTS einingum í eina ECTS-einingu og reglur um frítekjumörk námsmanna voru rýmkaðar til muna.

Alls nýttu 658 einstaklingar sér sumarnám á framhaldsskólastigi og voru 87,8 m.kr. greiddar til 18 framhaldsskóla þar sem boðið var upp á stað-, dreif- og fjarnám sem nýttist til áframhaldandi náms.



Fjölgun nemenda í framhalds- og háskólum

Framhaldsskólanemum fjölgaði um 7,7% haustið 2020 miðað við árið á undan. Aukafjárveiting að upphæð 550 m.kr. var veitt til að mæta þeirri fjölgun auk 300 m.kr. úr varasjóði málaflokksins. Þá var 213 m.kr. veitt til þess að mæta öðrum afleiðingum COVID-19 á skólastarf í framhaldsskólum.

Ársmunum í háskólum fjölgaði um 2.016 á árinu 2020 miðað við þann fjölda sem gert hafði verið ráð fyrir á fjárlögum 2020. 500 m.kr. var veitt til þess að mæta þeirri fjölgun auk 250 m.kr. úr varasjóðum málaflokksins. Þá voru veittar 120 m.kr. til háskólastigsins til þess að mæta öðrum afleiðingum COVID-19 á skólastarf í háskólum.

Menningarmál



Aðgerðir til stuðnings sjálfstætt starfandi listamönnum og menningararfi

Kynntar voru fjölþættar aðgerðir til stuðnings sjálfstætt starfandi listamönnum. Þar á meðal voru tekjufallsstyrkir sem komu til greiðslu 2021. Þá var í öðrum fjárukalögum ársins veittar 250 m.kr. til launasjóðs listamanna til að fjölga starfs- launum listamanna. Það jafngildir 600 mánaðarlaunum miðað við listamannalaun árið 2020 og kom til viðbótar 1.600 mánaðarlaunum á ári sem kveðið er á um í lögum um listamannalaun nr. 57/2009 og voru þá alls 2.200 á árinu 2020.

Af 1 ma.kr. framlagi í sérstakt átaksverkefni í menningu og listum runnu 450 m.kr til verkefnasjóða lista og 50 m.kr. til skráningar menningararfs. Að auki var 100 m.kr. skipt á milli húsafriðunarsjóðs og húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Þá var 26 milljónum kr. varið til samstarfsverkefnis með Listahátíð í Reykjavík sem skipulagði verkefnið „Listagjöf“ á aðventunni þar sem yfir 100 listamenn tóku þátt og sýndu list sína um land allt.



Framlög til vísindarannsókna og nýsköpunar

Framlög til samkeppnissjóða rannsókna og nýsköpunar voru aukin um alls 2,5 ma.kr. á árinu 2020 umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þar af voru í fjárfestingar-átaki ríkisstjórnarinnar veittar 575 m.kr. til Rannsóknasjóðs, sem er hækkun um 23% frá fjárlögum 2020, og 125 m.kr. til Innviðasjóðs, sem er hækkun um 45%, til að tryggja aukið vísindastarf, nýsköpun og hagvöxt til framtíðar.

Nýsköpunarsjóður námsmanna var einnig efldur um alls 400 m.kr. og nam því heildarfjárveiting til sjóðsins alls 455 m.kr.

á árinu 2020. Með þeim hætti studdi sjóðurinn við sumarvinnu 552 námsmanna í 358 rannsóknarverkefnum og stuðlaði að bættum tengslum háskóla og atvinnulífs í rannsóknum og nýsköpun. Konur voru 55% styrkþega og karlar 45% og er hlutfall karla því nokkuð hærra en meðal háskólanema almennt. Árangurshlutfall karla og kvenna var þó sambærilegt.

Rannsóknasjóður fékk að auki 200 m.kr. einkisframlag sem ætlað var að efla enn frekar fjármögnun til vísindafólks bæði í grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum.





Stuðningur vegna tekjufalls íþróttá- og æskulýðsfélaga

Á árinu 2020 voru veittar 850 m.kr. til stuðnings við íþróttá- og æskulýðsstarf. Framlaginu var ætlað að koma til móts við tekjufall íþróttá- og æskulýðsfélaga vegna fastra rekstrarútgjalda á því tímabili sem samkomutakmarkanir komu í veg fyrir eðlilega starfsemi félaganna. Markmið stuðningsins var að tryggja áframhaldandi faglegt íþróttá- og æskulýðsstarf og rekstrargrundvöll félaga. Í fyrstu fjárukalögum ársins 2020 var veitt alls 500 m.kr. framlag til stuðnings við íþróttafélög og æskulýðsstarf. Veitt var 450 m.kr. framlag til að koma til móts við tekjutap íþróttahreyfingarinnar, þar af var veitt 300 m.kr í almenna aðgerð og uppfylltu 214 íþróttafélög skilyrði

um styrkveitingu. Veitt var 150 m.kr. til sértækra aðgerða vegna viðburða sem féllu niður á tímabilinu 1. mars–1. júní og styrkur til 93 umsókna. Til æskulýðsfélaga var veittar 50 m.kr. sem skiptust í styrki til nýrra verkefna, alls 13 verkefna og veittur var styrkur vegna tekjutaps til 14 æskulýðsfélaga. Í fimmtu fjárukalögum ársins 2020 var veitt aukalega 350 m.kr. til að koma til móts við tekjufall, sem skiptist á þann hátt að 300 m.kr. runnu til íþróttafélaga í almenna aðgerð og 50 m.kr. til æskulýðsstarfs vegna reksturs til 26 æskulýðsfélaga.



Stuðningur við einkarekna fjölmiðla

Veittur var sérstakur rekstrarstuðningur að upphæð 400 m.kr. til einkarekinna fjölmiðla, til þess að mæta áhrifum Covid-19. Sú fjárhæð var innan útgjaldaramma málefnaáviðs 19. Alls bárust 26 umsóknir um þann stuðning og uppfylltu 23 þeirra

skilyrði reglugerðar. Að auki voru veittar 5 m.kr. til 10 fjölmiðla af fjárveitingum vegna byggðaaætlunar til staðbundinna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins.

Rekstur og fjárfestingar

Rekstur og fjárfestingar

Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis heyrðu undir alls sex málefnasvið á árinu 2020:

- **18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál.**
- **19 Fjölmíðlun.**
- **20 Framhaldsskólastig.**
- **21 Háskólastig.**
- **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála.**
- **Hluti af starfsemi í málaflokki 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál.**


Alls voru 112 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins á fjárlagaárinu 2020. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, verkefnaliðir og vara-sjóðir, voru 60. Verkefni skiptast í 15 málaflokka á sex málefnasviðum.

Hlutdeild mennta- og menningarmálaráðuneytis af heildarútgjöldum ríkisins var um það bil 11,4% eða 114.617,6 m.kr.

Rekstrargjöld og fjárfestingar 2020

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrargjöld og fjárfestingar



Yfirlit yfir útgjöld málefnasviða sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðherra

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang mennta- og menningarmálaráðuneytis skipt eftir málefnasviðum. Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu. Framhaldsskóla- og háskólastig voru umfangsmestu málefnasviðin í starfsemi ráðuneytisins ef horft er til útgjalda.

Um 32,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins fóru til háskólastigsins og stór hluti fram-laga til samkeppnissjóða í rannsóknum óbeint til háskóla í gegnum sjóði á því málefna-sviði sem nam 6,7% af heildarútgjöldum. Útgjöld framhaldsskólastigsins námu 34,5% af heildarútgjöldum, hlutur menningar, lista, íþróttar- og æskulýðsmála var 16,8% af heildarútgjöldum og framlög til fjölmíðla 4,8%. Loks voru útgjöld annarra skólastiga og stjórnsýslu mennta- og menningarmála 4,6% af heildarútgjöldum.

Útgjöld málefna sviða og -flokka, staða og frávik

Upplýsingar sem hér fara á eftir sýna rekstrar- niðurstöðu málaflokka, bæði innan ársins 2020 og að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrri árum. Í neðangreindri töflu er að finna rekstrarútgjöld að undanskildum útgjöldum vegna fjárfestinga. Í fyrsta dálki eru raunútgjöld eða ráðstafað fé á árinu, þ.e. gjöld að frádregnum sértekjum sem stofnanir afla sér. Í næsta dálki eru til samanburðar sýnd áætluð útgjöld ársins en fjárveitingar taka mið af þeim áætlunum sem stofnanirnar leggja fram. Síðan er sýnt frávik raungjalda frá áætlun og hversu stórt frávikíð er hlutfallslega. Næstu tveir dálkar sýna stöðu fjárheimilda frá fyrra ári og hlutfall þeirra af raunútgjöldum yfirstandandi árs.

Tafla 1. Rekstur án fjárfestinga — málefna svið sundurliðuð á málaflokka

Málefna svið	Raun	Áætlun	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Uppsafnað frávik %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	6.945	7.530	585	7,8%	1.044	1.629	19,0%
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	6.945	7.530	585	7,8%	1.044	1.629	19,0%
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	17.313	17.027	-286	-1,7%	1.313	1.027	5,6%
1810 - Safnamál	4.283	4.139	-144	-3,5%	404	260	5,7%
1820 - Menningarstofnanir	5.176	5.229	53	1,0%	272	324	5,9%
1830 - Menningarsjóðir	5.769	5.570	-199	-3,6%	616	417	6,7%
1840 - Íþróttar- og æskulýðsmál	2.085	2.089	4	0,2%	21	25	1,2%
19 Fjölmíðlun	5.005	5.008	3	0,1%	9	12	0,2%
1910 - Fjölmíðlun	5.005	5.008	3	0,1%	9	12	0,2%
20 Framhaldsskólastig	35.648	35.434	-214	-0,6%	1.868	1.654	4,4%
2010 - Framhaldsskólar	34.318	34.034	-284	-0,8%	1.843	1.559	4,3%
2020 - Tónlistarfræðsla	572	572	0	0,0%	0	0	0,0%
2030 - Vinnustaðanáam og styrkir	264	243	-22	-8,9%	25	4	1,4%
2040 - Jöfnun námskostnaðar	495	586	91	15,5%	0	91	15,5%
21 Háskólastig	33.629	34.966	1.337	3,8%	2.696	4.033	10,7%
2110 - Háskólar og rannsóknastarfsemi	29.453	30.809	1.356	4,4%	2.696	4.052	12,1%
2130 - Stuðningur við námsmenn	4.177	4.158	-19	-0,5%	0	-19	-0,5%
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála	4.738	4.763	25	0,5%	54	79	1,6%
2210 - Leikskóla- og grunnskólastig	341	349	8	2,3%	-7	2	0,5%
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	1.921	1.928	7	0,3%	-3	4	0,2%
2230 - Stjórnsýsla mennta- og menningarmála	2.476	2.486	10	0,4%	63	74	2,9%
Samtals	103.278	104.728	1.450	1,4%	6.984	8.434	7,5%

Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 2. Fjárfestingar — málefnasvið sundurliðuð á málaflokka

Málaflokkar	Fjárheimild	Heimild frá fyrra ári	Fjárfesting	Staða í árslok
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	21,0	36,0	-	57,0
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	21,0	36,0	-	57,0
18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál	291,6	229,9	-234,7	286,8
1810 - Safnamál	135,7	38,9	-91,2	83,4
1820 - Menningarstofnanir	155,9	139,0	-143,6	151,3
1830 - Menningarsjóðir	-	52,1	-	52,1
19 Fjölmíðlun	0,3	-0,5	-5,1	-5,3
1910 - Fjölmíðlun	0,3	-0,5	-5,1	-5,3
20 Framhaldsskólastig	583,2	1.129,7	-444,5	1.268,4
2010 - Framhaldsskólar	583,2	1.129,7	-444,5	1.268,4
21 Háskólastig	3.582,1	2.623,0	-2.669,6	3.535,5
2110 - Háskólar og rannsóknastarfsemi	3.582,1	2.623,0	-2.669,6	3.535,5
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	51,2	1,4	-39,6	13,1
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	1,0	2,6	-5,6	-2,0
2230 - Stjórnýsla mennta- og menningarmála	50,2	-1,2	-33,9	15,1
Samtals	4.528,4	4.016,9	-3.387,9	5.157,4

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Alls voru 112 fjárlagaliðir á ábyrgð ráðuneytisins fjárlagaárið 2020. Þar af voru 52 stofnanir en aðrir fjárlagaliðir, s.s. sjóðir, safnliðir og varasjóðir, voru 60. Verkefni þeirra liða skiptast í 15 málaflokka á 6 málefnasviðum.

Í eftirfarandi umfjöllun er gerð nánari grein fyrir frávikum einstakra liða eftir því sem ástæða er til. Myndirnar sýna stöðu fjárlagaliða eftir árið, að teknu tilliti til stöðu fjárheimilda frá fyrra ári. Ef frávik er innan 4% af rekstri er yfirleitt talin ástæða til sérstakra skýringa því eðlilegar ástæður geta verið fyrir frávikum af slíkri stærðargráðu. Hafa verður í huga að tölur sem gefnar eru upp í krónum gefa ekki endilega rétta mynd af stöðu liðanna vegna þess að reksturinn er mjög mismunandi að umfangi.

Í málaflokki 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknunum tilheyra alls fimm útgreiðsluliðir ráðuneytinu auk varasjóðs. Málaflokkurinn er 1.629 m.kr. undir heimildum ársins 2020. Afgangi og halla á þessum liðum verður að taka með fyrirvara þar sem samkeppnissjóðirnir velta fjármunum á milli á ára. Markáætlun á sviði vísinda og tækni er sjóður sem fjármagnaður er af ríkissjóði en úthlutað er úr honum á þriggja ára fresti og er það ástæðan fyrir jákvæðri stöðu fjárheimilda hans. Jákvæð staða fjárheimilda Rannsóknasjóðs mun jafnast út á árinu 2021 við næstu úthlutun úr sjóðnum. Halla á liðnum Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun má skýra með gengisþróun innan ársins.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar



Málefnasviði 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál tilheyra alls 13 stofnanir, 16 útgreiðsluliðir og fjórir varasjóðir eða alls 33 liðir. Málefnasviðið er 1.027 m.kr. undir heimildum ársins 2020.


Helstu skýringarnar eru þær að hjá Kvikmyndasjóði hafa í einhverjum tilfellum verið gefin út vilyrði fyrir verkefnastyrkjum en þeir einungis verið greiddir út að hluta.

Staða á verkefnalið ráðuneytisins er jákvæð vegna fjármagns sem veitt var til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Halda átti hátíðina í Reykjavík í desember, en henni hefur verið frestað.

Staða fjárheimilda Náttúruminjasafns er jákvæð vegna verkefnis sem hefur verið fjármagnað en verður unnið á árinu 2021.

Staða rekstrarfjárheimilda Húsafríðunarsjóðs er neikvæð, en það orsakast af rangri skiptingu á milli rekstrar- og fjárfestingaheimilda er löguð verður þegar gengið verður frá yfirfærslu fjárheimilda á árið 2021.

Af 13 stofnunum málefnasviðsins eru fjórar með neikvæða stöðu fjárheimilda. Þar af eru Kvikmyndasafn Íslands og Gljúfrasteinn – Hús skáldsins með neikvæða stöðu umfram 4%, en fyrrnefnda stofnunin hefur staðið í nauðsynlegum en kostnaðarsömum endurbótum á tækjabúnaði sínum.



Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 19 Fjölmiðlar

Málefnasviði 19 Fjölmiðlar tilheyra ein stofnun og tveir útgreiðsluliðir. Málefnasviðið er 11,6 m.kr. undir heimildum ársins 2020 sem skýrist af tímabundnu verkefni fjölmiðlanefndar sem hefur verið fjármagnað en er ekki að fullu lokið.




Málefnaviði 20 Framhaldsskólastig tilheyra alls 13 stofnanir, 10 útgreiðsluliðir og einn varasjóður eða alls 38 liðir. Málefnaviðið er 1.654 m.kr. undir heimildum ársins 2020.

Stærsta einstaka skýringin er vegna uppsafnaðrar stöðu á stofn- kostnaðarlið málefnaviðsins. Nú standa fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir við húsnæði framhaldsskóla, meðal annars nýbygging við Menntaskólann í Reykjavík og viðbygging við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Af 27 framhaldsskólum málefnaviðsins eru fjórir með neikvæða stöðu fjárheimilda, en enginn með neikvæða stöðu umfram 4%. Komið var til móts við neikvæða stöðu fjárheimilda nokkurra framhaldsskóla í árslok með framlagi úr varasjóði málefnaviðsins. Nánar er fjallað um það í kaflanum um varasjóði ráðuneytisins. Alls eru 10 skólar með jákvæða stöðu fjárheimilda umfram 4%. Fjármagni er úthlutað til skólanna eftir nýju reiknilíkani sem hefur verið í þróun á undanförunum árum. Í líkaninu er miðað við meðalkostnað á hvern nemanda eftir að námsbrautum hefur verið raðað í verðflokkka sem úthlutað er eftir. Í líkaninu er jafnframt leitast við að koma til móts við sértækar aðstæður í hverjum skóla. Jákvæða stöðu fjárheimilda skólanna má að stórum hluta rekja til þess að raunkostnaður þeirra reyndist í árslok ekki vera í takt við það sem forsendur reiknilíkansins gerðu ráð fyrir í fjárlögum í ársbyrjun. Líkanið er enn í þróun og miðar að því að úthlutanir til skólanna verði með sanngjörnum hætti og taki enn betur mið af sérstöðu hvers skóla.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun Ríkisaðilar og verkefni á málefnaviði 20 Framhaldsskólastig



Fjárhæðir í milljónum króna

Málefnasviði 21 Háskólastig tilheyra alls sjö stofnanir, sjö útgreiðsluliðir og einn varasjóður eða alls 15 liðir. Málefnasviðið er 4.124 m.kr. undir heimildum ársins 2020. Þessa stöðu má að langmestu leyti rekja til Háskóla Íslands og þá einna helst áhrifa dóttur- og hlutdeildarfélaga hans.

Afkoma ársins 2020 var jákvæð um 1.450 m.kr. og þar af var afkoma af reglulegri starfsemi 134 m.kr. Gengishagnaður skólans var 332 m.kr. og áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga, einkum Vísindagarða, voru 984 m.kr.

Af sjö stofnunum málefnasviðsins er ein með neikvæða stöðu fjárheimilda. Háskólinn á Hólum hefur lengi glímt við rekstrarerfiðleika. Með aðhaldsaðgerðum og auknum fjárheimildum hefur náðst að stöðva hallarekstur. Smæð skólans gerir hann þó viðkvæman fyrir sveiflum í rekstri auk þess sem hlutfall gjalda hans, sem fjármagnað er með sértekjum, er hátt.

**Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 21 Háskólastig**




Fjárhæðir í milljónum króna

Málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála tilheyra alls þrjár stofnanir, ellefu útgreiðsluliðir, aðalskrifstofa ráðuneytisins og einn varasjóður eða alls 16 liðir. Málefnasviðið er 79 m.kr. undir heimildum ársins 2020. Skýringuna má að mestu leyti finna hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, en þar er um að ræða fjármuni sem verða nýttir þegar ráðist verður í endurbætur á húsnaði ráðuneytisins á miðju ári 2021.

Af þremur stofnunum málefnasviðsins er ein þeirra, Menntamálastofnun, með neikvæða stöðu fjárheimilda. Sú staða nær þó ekki 4% viðmiðinu.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun
Ríkisaðilar og verkefni á málefnasviði 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála



Fjárhæðir í milljónum króna

Málaflokkar

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem fram koma markmið úr fjármálaáætlun 2020-2024.

Í fjárlögum 2020 voru alls 99 aðgerðir skilgreindar til framkvæmda í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sumar þeirra ná yfir tiltekið árabíl. Af þeim tókst að ljúka eða hefja vinnslu á 87 aðgerðarhlutum sem fara átti í á árinu 2020. Fjórir aðgerðarhlutar ársins 2020 voru í undirbúningi en 8 voru ekki hafnir.

Yfirlit um stöðu aðgerða á hverju málefnasviði er birt í upphafi umfjöllunar um viðkomandi málefnasvið, þ.e. staða aðgerða miðað við fjárlög 2020.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða í árslok 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum	● 1				● 6	7
18.1 Safnamál		● 5	● 2	● 2		9
18.2 Menningarstofnanir		● 1	● 5	● 1		7
18.3 Menningarsjóðir	● 2	● 1	● 8	● 6		17
18.4 Íþrótta- og æskulýðsmál		● 3	● 1	● 3		7
19.1 Fjölmiðlun	● 1				● 1	2
20.1 Framhaldsskólar		● 1	● 3	● 6	● 1	11
20.2 Tónlistarfræðsla	● 1					1
20.3 Vinnustaðanám og styrkir	● 1					1
20.4 Jöfnun námskostnaðar	● 1					1
21.1 Háskólar	● 1	● 1	● 1	● 1	● 6	10
21.3 Stuðningur við námsmenn					● 2	2
22.1 Leikskóla- og grunnskólastig				● 17		17
22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	● 2	● 1	● 1			4
22.3 Stjórnýssla mennta- og menningarmála		● 3				3
Samtals aðgerðir	● 8	● 4	● 18	● 41	● 28	99

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið og aðgerðir

Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar Málefnasvið 7

7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Hluti af starfsemi á málefnasviðinu er á ábyrgð ráðuneytisins, en verkefni er því tengjast eru einnig á málefnasviðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og forsætisráðuneytis.

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2020, á málefnasviðinu.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða		Samt.
7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	1	6	7

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Í fjárlögum ársins 2020 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að alþjóðlega samkeppnishæfu umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, gagnsæi, alþjóðasamstarf og árangur.

Markmið 1: Fjármögnun rannsókna styðji við gæði, árangur og verðmætasköpun.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Árangurshlutfall umsókna í rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB.	18,1% (árangur 2014–2017).	18%	19,7%

Árangur markmiða fyrir málaflökk 7.1

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Stefnumótun. Móta nýja stefnu Vísinda- og tækniráðs.	2020	● Stefnan var gefin út í september 2020.
Endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs. A) Starfshópur skilar tillögum að endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003, laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, og laga um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 75/2007. B) Vinna frumvörp til nýrra laga í framhaldi.	2019-2020	● Tillaga að endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð (2/2003) var unnin 2020. Lagafrumvarp var lagt fram af FOR vorið 2021 en hefur enn ekki fengið meðferð. Lög nr. 3/2003 þarf að endurskoða í kjölfar breytinga á lögum nr. 2/2003. Lög 75/2007 heyrja ekki undir MRN.
Vandaðir starfshættir í vísindum. Innleiðing laga um vandaða starfshætti í vísindum.	2020	● Nefnd hefur ekki tekið til starfa vegna skorts á fjárveitingum.
Stefnur og aðgerðaáætlanir Vísinda- og tækniráðs. Vinna áfram að aðgerðum í gildandi stefnu og aðgerðaáætlun: A) Auglýsa og framkvæma markáætlun á sviði samfélagslegra áskorana. B) Gera verkáætlun um miðlun og framkvæmd vísinda og tækni. C) Starfshópur um gæði og skilvirkni í háskólastarfi skilar niðurstöðum, m.a. tillögum að breytingum á reglum um fjárveitingar til háskóla nr. 646/1999. D) Gera úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar (FJR). E) Skipa stjórn Innviðasjóðs og auglýsa eftir verkefnum í vegvísi um rannsóknarinnviði. Birta vegvísi. F) Birta stefnu um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum og rannsóknargögnum og hefja innleiðingu. (Sjá aðgerðir á sviði nýsköpunar í málaflökk 7.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar og aðgerðir í málaflökk 21.1 Háskólar og rannsóknarstarfsemi).	2017-2020	● A) Lokið. B) Verkefni var flutt og er liður í nýrri vísinda- og tæknistefnu sem ljúka á 2022. C) Vinna starfshóps hefur tafist og hann hefur enn ekki lokið störfum D) Er á forræði fjármálaráðuneytis. E) Lokið. F) Stefna er nær tilbúin til birtingar 2021.
Rannsóknasjóður. Vinna áhrifamat á sjóðnum.	2020	● Undirbúningur hófst 2020, vinna við mat hófst 2021 og mun ljúka á árinu 2021.
Upplýsingakerfi um rannsóknir. Innleiða kerfið.	2020	● Unnið er að innleiðingu kerfisins og hún komin vel á veg. Innleiðingu lýkur 2021.
Samstarfsáætlun ESB. Lokaundirbúningur að nýjum áætlunum á sviði vísinda- og nýsköpunar (Horizon Europe), menntamála (Erasmus) og menningarmála (Creative Europe) fyrir tímabilið 2021–2027.	2020	● Hagsmunagæslu sinnt, áætlanir undirbúnar og komu til framkvæmda 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið


Menning og listir Málefnasvið 18

Meginhluti starfsemi á málefnasviðinu var á ábyrgð ráðuneytisins en verkefni voru einnig á hendi forsætisráðuneytis.

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
18.1 Safnamál	● 5 ● 2 ● 2	9
18.2 Menningarstofnanir	● 1 ● 5 ● 1	7
18.3 Menningarsjóðir	● 2 ● 1 ● 8 ● 6	17
18.4 Íþróttta- og æskulýðsmál	● 3 ● 1 ● 3	7

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



18.1 Safnamál

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 18.1 Safnamál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.

Mælikvarðar	Staða 2019	Víðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi heimsóknna í söfn landsins.	2.360.306	2.200.000	Áætlaður samdráttur í gestafjölda var um 60% skv. upplýsingum frá safnaráði.
Hlutfall safneigna á stafrænu formi.	6% (2016)	10%	Upplýsingar liggja hjá hverju safni.

Aðgerðarhluti 2020

Vísindasafni	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Vísindasafni fyrir börn og ungmenni. A) Stofna starfshóp. B) Vinna að útfærslu.	2020-2023	● Undirbúningur hafinn að yfirfærslu Safnahússins til Listasafns Íslands sem skipuleggur nýtingu hússins til fjölbreyttrar miðlunar og fræðslu um myndlist og vísindi.
Styrkja starfsemi höfuðsafna. Unnið að uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands til framtíðar.	2020	● Gengið frá kaupum á safnhúsi við Safnatröð á Seltjarnarnesi. Átaksverkefni í skráningu hjá þjóðminjasafni Íslands.
Samstarf safna. A) Sameining Hljóðbókasafns Íslands og Landsbókasafns/ Háskólabókasafns. B) Stuðla að auknu samstarfi og/eða sameiningu safna í samráði við hagsmunaaðila og gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess.	2017-2024	● Fallið var frá áformum um sameiningu. Unnið að auknu samstarfi safna á vettvangi landshlutasamtaka og forstöðumanna höfuðsafna.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Stafræn varðveisla og endurgerð. A) Stafræn lýsigögn um safneign skráð í auknum mæli í gagnagrunna. B) Skanna menningarsögulegt efni á stafrænt form.	2020	● Átaksverkefni í skráningu og skönnun hjá Landsbókasafni, Náttúruminjasafni, Þjóðminjasafni, Listasafni og Þjóðskjalasafni auk reglubundinna verkefna. Stafræn endurgerð Kvikmyndasafns Íslands, vefurinn <i>Ísland á filmu</i> , fór í loftið.
Hraun í Öxnadal: Hugað verði að frekari framgangi þingsályktunar um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar.	2020	● Unnið að stefnumótun menningarfélagsins Hrauns.
Menningarstefna. Vinna að menningarstefnu.	2019-2020	● Unnið að lokadrögum menningarstefnu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Að geymslum safna í eigu ríkisins verði komið í viðunandi horf í lok tímabilsins.	Varðveisluhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands.	Þarfagreining Þjóðskjalasafns og Listasafns.	Auglýst eftir bráðabirgðageymsluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Varðveisla fyrir Þjóðminjasafn Íslands fyrir stærri muni í Byggðasafni Árnesinga.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Varðveisla. Greina núverandi stöðu og gera áætlun um uppbyggingu og endurnýjun geymslna.	2020-2021	● Unnið að þarfagreiningu Þjóðskjalasafns Íslands og Listasafns Íslands.
Bætt aðstaða. Greina stöðu og þarfir safna fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu.	2020	● Úttekt á innviðum Þjóðskjalasafns. Kvikmyndasafn Íslands vann áætlun um aðstöðu og búnað. Náttúruminjasafn lagði fram skýrslu um uppbyggingu húsnæðis við Safnatröð.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi skráninga í Sarp.	1.745.940	2.000.000	1.938.650
Hlutfallsleg skil gripa/gagna úr rannsóknum til lögbundinna vörsluaðila.	Heildarfjöldi gripa-númera 1990-2015 er 103.412. 73,3% gripa/gagna skilað.	Skil á gripum/gögnum úr eldri rannsóknum verði 80%. Skil á gripum/gögnum frá rannsóknum á tímabilinu 2013-2017 verði 40%.	Skil á gripum/gögnum úr eldri rannsóknum eru um 78%. Skil á gripum/gögnum 2013-2017 eru um 35%.

Aðgerðarhluti 2020**Tímaáætlun****Framkvæmt 2020**

Rannsóknir. Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna.

2020-2024

● Mun fleiri rannsóknaverkefni viðurkenndra safna nutu styrkja vegna aukins framlags í safnasjóð.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

18.2 Menningarstofnanir

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.2 Menningarstofnanir. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi og hlutfall grunnskóla sem tekur þátt í „List fyrir alla“.	94%; 154 af 163.	96%.	Marktækar tölur vegna fjölda rafrænna viðburða og samkomutakmarkana liggja ekki fyrir.
Fjöldun listviðburða í boði fyrir einstaka árganga.	25 viðburðir í boði. 1.-4. bekkur: 8 viðburðir 5.-7. bekkur: 10 viðburðir 8.-10. bekkur: 7 viðburðir.	29 viðburðir alls.	Marktækar tölur vegna fjölda rafrænna viðburða og samkomutakmarkana liggja ekki fyrir.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Aðgengi að listum. Þjóða upp á listviðburði í grunnskólum og menningarhúsum um land allt.	2019-2021	● Sniðið að aðstæðum vegna COVID-19.
Varðveisla. Greina stöðu og þörf fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um endurbætur. A) Þjóðleikhúsið B) Íslenski dansflokkurinn.	2019-2021	● Í vinnslu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Tölfræði. Gera kyngreinda hagvísa fyrir menningu, listir og skapandi greinar.	2020-2021	● Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands um atvinnugreinar menningar birt í október 2020.
Verndun fornleifa. Vinna að heildarstefnu um vernd menningarminja.	2020	● Stefna um vernd menningararfs lögð fram.
Skráning friðaðra fornleifa. Gera átak í skráningu og miðlun friðaðra menningarminja.	2020	● Hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnar vegna COVID-19.
Skráning friðlýstra minja. Gera átak í skráningu friðlýstra minja og miðlun þeirra í kortavefsja.	2020	● Í vinnslu og lýkur 2022.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti**

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall skráðra friðaðra fornleifa á Íslandi.	35%.	45%.	40%.

**Nýtt markmið í málaflökknum.

18.3 Menningarsjóðir

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.3 Menningarsjóðir. Úthlutun á fjárveitingum í gegnum sjóði eða samninga vegna stuðnings við einstök verkefni miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúru-minja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

Markmið 1: Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Mælikvarðar þróaðir í samstarfi við framkvæmdaaðila.	Unnið eftir aðgerðaáætlun.	Unnið eftir aðgerðaáætlun.	Unnið eftir aðgerðaáætlun.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
--------------------	------------	----------------

Efla íslenska tungu. Unnið eftir aðgerðaáætlun á grundvelli þingsályktunartillögu. Meðal helstu verkefna:

A) Vitundarvakning um mikilvægi íslenskunnar og sett viðmið um notkun hennar á flestum sviðum.	2018-2022	● Viðburðir á degi íslenskrar tungu haldnir í streymi vegna sóttvarnarráðstafana. Rafræn ráðstefnu um menntun fjöltyngdra barna og ungmenna.
B) Efling læsis. Aðgerðir sem hvetja til sumarlesturs barna, eflingu lesskilnings ungmenna, fræðslu til uppalenda um máltöku og málþroska í bernsku og stutt við fræðslu um áskoranir lesblindra og þeirra sem glíma við námsörðugleika.	2018-2022	● Unnið að fjölþættum verkefnum í samvinnu við Menntamálastofnun, læsisvefur opnaður og verkefninu <i>Tími til að lesa</i> hleypt af stokkunum í heimsfaraldri.
C) Endurskoðun íslenskrar málstefnu.	2018-2022	● Íslensk málnefnd hefur gert drög að endurskoðaðri málstefnu sem unnið er úr.
D) Vinna að málstefnu um íslenskt táknmál.	2018-2022	● Unnið að málstefnu um íslenskt táknmál.
E) Máltækni – stafræn framtíð íslenskunnar. Verkefni samkvæmt Máltækniáætlun 2018-2022.	2018-2022	● Unnið að kjarnaverkefnum skv. máltækniáætlun 2018-2022 og samningi ráðuneytisins við Almannaróm. Upplýsingar um kjarnaverkefni eru nú aðgengilegar á vef.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
F) Stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hvött til að setja sér málstefnu.	2018-2022	● Aðgerð kynnt nánar þegar endurskoðuð málstefna liggur fyrir. Með nýrri málstefnu geta stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök mótað sér málstefnu.
G) Greining á stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku og mörkun stefnu um úrbætur í málefnum þeirra. A) Vitundarvakning um mikilvægi íslenskunnar og sett viðmið um notkun hennar á flestum sviðum.	2018-2022	● Drög birt að heildstæðri stefnu um menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku, þau innihalda 7 megin tillögur og fjölda aðgerða sem unnið verður að í tengslum við aðgerðaáætlun um menntastefnu til ársins 2023.
H) Tillögur um eflingu íslenskunnar í menntakerfinu, s.s. um fjölgun kennslustunda í grunnskóla, aukna áherslu á íslenskukennslu í kennaranámi og símenntun kennara.	2018-2022	● Starfsþróunarnámskeið fyrir kennara og aðra sem koma að skóla- og frístundastarfi barna og ungmenna, þar sem m.a. er lögð áhersla á íslenskukennslu, fjöltyngi og læsi. Kennararáð stofnað og undirbúnað tillögur að breytingum á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla.
I) Tillögur til eflingar starfsemi skólabókasafna.	2018-2022	● Bókasafnaráð vinnur að stefnumörkun bókasafna. Innan þeirrar stefnumörkunar er unnið að tillögum til að efla starfsemi skólabókasafna
J) Stuðlað verði að opnu aðgengi almennings að upplýsingaveitum um íslenskt mál, svo sem orðabókum, orðasöfnum og málfarssöfnum.	2018-2022	● Tillögur vinnuhóps um aðgengi að upplýsingaveitum um íslenskt mál liggja fyrir.
Styrkja sjálfstæða listastarfsemi. Endurskoða skiptingu fjárveitinga í sjóða- og stuðningskerfi.	2018-2022	● Umhverfi starfslauna listamanna skoðað.
Kvikmyndastefna. A) Mótun kvikmyndastefnu. B) Endurskoða reglur um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði.	2019-2020	● A) Kvikmyndastefna kynnt á haustdögum 2020. B) Endurskoðun á reglugerð nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð stendur yfir.
Bókmenningarstefna. Fylgja eftir stefnu og forgangsráða aðgerðum.	2020	● Bókasafnasjóður endurvakinn og endurgreiðsla til bókaútgefenda rýnd.
Bókasafnsjóður höfunda: Framlög til sjóðsins hækka.	2020	● Framlög í bókasafnasjóð höfunda voru hækkuð í 124,9 m.kr. á fjárlögum 2020.
Skapandi greinar: Aðgerðaáætlun unnin um eflingu skapandi greina.	2020	● Kvikmyndastefna lögð fram til eflingar kvikmyndagerð, endurgreiðslukerfi bókaútgáfu fylgt eftir, áhersla á skapandi greinar í mótun nýrrar menntastefnu. Aðgerðaáætlun skapandi greina, unnin í samstarfi fjögurra ráðuneyta, kynnt á vordögum 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í listum og menningu.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi sjóða.	17.	14.	17.
Úthlutanir úr sjóðum til ungra umsækjenda.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.	Viðmið hafa ekki verið skilgreind.	Unnið að endurskoðun á starfslaunum listamanna.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Menningarhús. Bygging menningarhúsa á Fljótsdalshéraði og í Skagafirði.	2020	● Framlag ríkis til Fljótsdalshéraðs greitt út. Samkomulag við Skagafjörð í vinnslu. Undirbúningur að menningarsal á Selfossi.
Sameina kynningarmiðstöðvar listgreina og aðra starfsemi sem fellur undir kynningarmál.	2020	● Fallið frá áformum um kynningarmiðstöð listgreina.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

18.4 Íþróttta- og æskulýðsmál

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.4 Íþróttta- og æskulýðsmál.

Markmið 1: Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþróttta- og æskulýðsstarfi og gæta um leið að jafnrétti kynja og minnihlutahópa.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi og hlutfall skráðra iðkenda í skipulögðu íþróttastarfi af mannfjölda.	*Samtals 94.633. Karlarnir 57.164 og konur 37.469. Það eru 26,5% af mannfjölda, konur 39,5% (2017).	Samtals 99.364. Karlarnir 59.618 og konur 39.745. (40%). Það eru 27,8% af mannfjölda.	Samtals 108.354 iðkendur á árinu 2019. Karlarnir 64.528 (59,6%) og konur 43.826 (40,4%). Það eru 29,4% af mannfjölda. Ath. að tölur vegna ársins 2020 verða ekki birtar fyrr en haustið 2021.
Hlutfall iðkenda í skipulögðu starfi æskulýðsfélaga á aldrinum 6-18 ára af mannfjölda á þeim aldri.	8,4%.	9%.	9,6%.
Hlutfall af fjölda þátttakenda á námskeiðum og í sumarbúðum á aldrinum 6-18 ára	9%.	10%.	9,3%.
Fjöldi þátttakenda í leiðtogabjálfun æskulýðsfélaga.	2456.	2500.	1778.

Aðgerðarhluti 2020

	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Þjóðarleikvangur. A) Vinna að uppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. B) Vinna starfshóps um þjóðarleikvanga annarra íþróttgreina.	2020-2024	● A) Vinna á vegum starfshóps um þjóðarleikvang í Laugardal hélt áfram á árinu. B) Starfshópur um þjóðarleikvanga fyrir inniþróttir skilaði af sér skýrslu og var falið að vinna áfram að frekari greiningu. Tilkynnt var um vilja til að stofna starfshóp um þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum.
Rafræn sakaskrá. Útfæra rafræna sakaskrá fyrir íþróttta- og æskulýðsstarf.	2020	● Starfshópur hefur lokið störfum og skilað tillögum. Unnið að frumvarpi til samræmingar laga á málefnaviði ráðuneytisins.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Íþróttastefna. Fylgja eftir stefnu og forgangsráða aðgerðum.	2020	● Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs tók til starfa á árinu.
Bæta starfsskilyrði fyrir börn og ungmenni. A) Ráða samskiptaráðgjafa verði frumvarp þar um að lögum. B) Vinna í samstarfi við dómsmálaráðuneyti og ríkislögreglustjóra að útfærslu á rafrænni sakaskrá.	2019-2021	● A) Samningur um starfsemi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs var undirritaður 13. janúar 2020. B) Starfshópur um sakaskrá hefur lokið störfum.
Börn með annað móðurmál en íslensku. A) Fylgjast með þátttöku þeirra í íþróttá- og æskulýðsstarfi og gæta jafnræðis kynja. B) Setja áherslur í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði.	2020-2024	● Stýrihópur stjórnvalda skoðar virkni og þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku og notkun á frístundastyrkjum.
Stefna í æskulýðsmálum. Móta stefnu í æskulýðsmálum.	2019-2020	● Unnið að mótun stefnu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2020
Meðaltal íþróttamanna á Ólympíuleikum og alþjóðlegum loka- og stórmótum á þriggja ára tímabili.	204 alls árið 2018. 122 karlar og 82 konur.	613. 241 kona og 372 karlar (2020–2022).	Meðaltal 2018 til 2020: 149. 95 karlar og 54 konur. 2018: 224 (136 kk, 88 kvk) 2019: 182 (121 kk, 61 kvk) 2020: 41 (29 kk, 12 kvk) Samtals: 447, eða 286 karlar og 161 kona.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Þróun samstarfsvettvangs gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins. A) Þróun á samstarfsvettvangi. B) Vinna að staðfestingu alþjóðasamnings á tímabilinu 2019-2020.	2020-2024	● A) Störf samstarfsvettvangs lágu niðri á árinu. B) Gögn vegna fullgildingar send til utanríkisráðuneytis.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Fjölmiðlun Málefнасvið 19

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta		Samt.
19.1 Fjölmiðlun	● 1	● 1	2

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

19.1 Fjölmiðlun

Í fjárlögum ársins 2020 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 19.1 Fjölmiðlun. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

Markmið 1: Bæta starfsumhverfi fjölmiðla

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall af sjálfstætt unnu efni.	Óþekkt.	Mælt í lok tímabils.	Ekki hafið. Frumvarp sem kveður á um þessa aðgerð hefur ekki verið afgreitt frá Alþingi.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Frankvæmt 2020
Styrkir. Veita einkareknum fjölmiðlum styrki.	2020-2024	● Styrkir veittir vegna tekjufalls af sökum Covid-19.
Árangur. Meta árangur af stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla.	2023	● Aðgerð ekki hafin.

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Framhaldsskólastig Málefnasvið 20

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
20.1 Framhaldsskólar	● 1 ● 3 ● 6 ● 1	11
20.2 Tónlistarfræðsla	● 1	1
20.3 Vinnustaðanám og styrkir	● 1	1
20.4 Jöfnun námskostnaðar	● 1	1

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Framhaldsskólar, 20

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn. Eftirfarandi markmið miða að því að fleiri og yngri nemendur ljúki starfsnámi sem skili þeim vel undirbúnum undir fjölbreytt störf í atvinnulífinu og áframhaldandi nám.

Markmið 1: Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og að kynjadreifing verði jafnari.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi staðfesta starfsnámsbrauta á 2., 3. og 4. hæfniprepi flokkaður í 11 starfssvið.	50 staðfestar á níu starfssviðum.	Allar staðfestar á öllum starfssviðum.	Lokið.
Fjöldi rafrænna ferilbóka í starfsnámi.	0	Að minnsta kosti 5.	Þróun í gangi og innleiðingarferli hafið í tengslum við nýja reglugerð um vinnustaðanám sem tekur gildi 1. ágúst 2021.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Menntastefna 2030. Birta heildarrit með markmiðum og aðgerðum. Stofna samstarfsráð um menntun sem mun vinna að framtíðarsýn og meginmarkmiðum. Stefnan er þvert á skólástig.	2020-2021	● Tillaga til þingsályktunar um nýja menntastefnu til ársins 2030 lögð fram á Alþingi í nóvember 2020.
Starfsnám efti: Verk-, iðn- og starfsnám. Vinna áfram að þróun, prófun og innleiðingu rafrænna ferilbóka.	2017-2024	● Ný reglugerð um vinnustaðanám kynnt í Samráðsgátt. Hún mun taka gildi 1. ágúst 2021. Í reglugerðinni er kveðið á um innleiðingu rafrænna ferilbóka.
Námsumhverfi starfsnámsnemenda. A) Kortleggja námsumhverfi starfsnámsnemenda og meta styrkleika og veikleika. B) Skilgreina verkferla þannig að framhaldsskólar taki ábyrgð á starfsnámsnemendum frá upphafi náms til loka.	2019-2020	● A) Unnið að stöðuskýrslu verkefnahóps um húsnæði starfsnámskóla á framhaldsskólástigi. Ráðgert að tillögur komi til framkvæmda frá og með árinu 2021. B) Verkferlar skilgreindir í nýrri reglugerð um vinnustaðanám, kveðið á um að framhaldsskólar taki ábyrgð á starfsnámsnemendum frá upphafi náms til loka.
Reiknilíkan. Þróa líkanið áfram og innleiða það. Fyrirhugað að endurskoða líkan verði að fullu komið til framkvæmda árið 2021.	2019-2020	● Reiknilíkanið er í sífelldri þróun en áhrif vegna Covid-19, s.s. fjárukalög og seinkun á útgáfu fjárlaga, hefur tafð þróunarferli. Líkanið verður því ekki að fullu komið til framkvæmda árið 2021.
Lykiltölur. Skilgreina áfram lykiltölur, safna og birta kyngreinda menntatölfræði. Lykiltölum er ætlað að gefa upplýsingar um starfsemi á framhaldsskólástigi, brotthvarf og vísbendingar um gæði náms.	2016-2020	● Unnið að bættri tölfræðigreiningu, m.a. með áherslu á kyngreindar upplýsingar. Kyngreindar upplýsingar liggja m.a. fyrir í samhengi við þróun brotthvarfs. Unnið að skilgreiningu lykiltalna, m.a. með hliðsjón af matsviðmiðum ytra mats framhaldsskóla.
Stafræn smiðja: Unnið verður að tillögu um framkvæmd þingsályktunar um aðgengi að stafrænum smiðjum.	2020	● Unnið var að samkomulagi um rekstur stafrænna smiðja sem undirritað var fyrir hluta árs 2021. Samkomulagið felur í sér skýrari aðkomu MRN og ANR, sveitarfélaga á hverjum stað og fræðslustofnana. Þannig er starfsemi betur tengd lykilaðilum. Samið verður við átta stafrænar smiðjur um allt land sem byggja upp þjónustunet hver á sínu svæði.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
<p>Bætt aðstaða. A) Þarfagreiningu á húsnæðisaðstöðu Menntaskólans í Reykjavík verði lokið og unnið að útfærslu á henni. B) Bæta verknámsaðstöðu í Fjölbautaskólanum í Breiðholti og Borgarholtsskóla. C) Bæta félagsrými fyrir nemendur í Fjölbautaskóla Suðurnesja.</p>	2020	<p>● A) Frumathugun og þarfagreining liggur fyrir, og unnið var að samkomulagi milli mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóra sem undirrituðu yfirlýsingu um samstarf í húsnæðismálum MR í febrúar 2021. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa heimilað vinnslu annars áfanga, þ.e. áætlunargerð og hönnun verkefnisins og vinnur Framkvæmdasýsla ríkisins að þeim.</p> <p>B) Frumathugun vegna verknámsaðstöðu við Fjölbautaskólann í Breiðholti var unnin á árinu. Gert er ráð fyrir að samningsgerð við Reykjavíkurborg klárast á fyrri hluta árs 2021 og í framhaldi verður óskað eftir heimild fjármála- og efnahagsráðuneytis til að fara í áætlunargerð og hönnun.</p> <p>Unnið að gagnaöflun varðandi Borgarholtsskóla.</p> <p>C) Verktaki áætlað skil verksins þann 1. maí 2021 og gert ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun um haustið.</p>
<p>Heimavist: Starfshópur leggur mat á þörf á heimavist á höfuðborgarsvæðinu.</p>	2020	<p>● Starfshópur skilaði fyrstu drögum að skýrslu til ráðuneytis. Formaður starfshóps vinnur að því að undirbúa frekari gagnaöflun áður en lokaskýrslu verður skilað.</p>
<p>Breytingar á lögum. Samhliða eflingu starfsnáms verði lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 endurskoðuð ásamt reglugerðum.</p>	2020-2022	<p>● Unnið er að breytingum á lögum um framhaldsskóla til þess að gera staðfestingarferli skilvirkara og skerpa lög í tengslum við nýútkomna reglugerð um vinnustaðanám sem tekur gildi 1. ágúst.</p>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma úr framhaldsskóla.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall nýnema sem ljúka námi innan fjögurra ára af bók- og starfsnámsbrautum (af ISCED3).	Alls 52,0%. Karlar: 44,6%. Konur: 59,6%. (2016).	Að lágmarki 54%.	Alls 60,0%. Karlar: 51,4%. Konur: 68,3%. (2019).
Hlutfall nýnema sem hverfa brott úr námi innan fjögurra ára frá innritun.	Alls 26,4%. Karlar: 30,2%. Konur: 22,4%. (2016)	Ekki hærra en 26%.	Alls 23,3%. Karlar: 28,6%. Konur: 17,6%. (2019)
Hlutfall nemenda sem innritast á stúdentsbrautir eftir grunnskóla og útskrifast á ≤3 árum.	Staðan verður reiknuð fyrir árið 2019 og í framhaldi skilgreind viðmið.		Alls 54,1%. Karlar: 43,1%. Konur: 62,8%. (2017-2020)

Aðgerðarhluti 2020**Tímaáætlun****Framkvæmt 2020**

Brotthvarf. Kortleggja áfram brotthvarfshættu og innleiða reglubundnar mælingar. Áhersla er lögð á karlkyns nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur á landsbyggðinni.

2018-2020

- Upplýsingum um árlegt brotthvarf nýnema miðlað til framhaldsskóla. Framhaldsskólar munu huga sérstaklega að brotthvarfshættu í samhengi við afleiðingar COVID-19 en vísbendingar eru um að nýnemabrotthvarf hafi verið minna en undanfarin ár. Drög voru kynnt að heildstæðri stefnu um menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku í maí 2020 og einnig er unnið að verkefninu í tengslum við framkvæmdaáætlun forsætisráðuneytisins um jafnréttismál 2020-2023.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastígs og/eða atvinnulífs.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2019/2020
Kynjagreint hlutfall skráðra nemenda í starfsnámi samanborið.	Alls: 4,710. Karlur 6,7:10.	5,0:10 á landsvísu.	Alls: 4,6:10.
við nemendur í námi til stúdentsprófs.	Konur 3,1:10. (2017).		Karlur 6,9:10. Konur 2,8:10. (2019)
Kynjagreint hlutfall brautskráðra nemenda í starfsnámi samanborið við nemendur í námi til stúdentsprófs.	Alls: 7,7:10; Karlur: 9,7:10. Konur: 6,2:10 (2016).	7,8:10 á landsvísu.	Alls: 6,0:10. Karlur: 8,6:10. Konur: 4,2:10. (2018-2019)
Kyngreint hlutfall nýnema í háskólum af heildarfjölda stúdenta, yngri en 25 ára.	Alls: 86,1%. Karlur: 81,8%. Konur: 89,3% (2017).		Mælikvarða breytt.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Námstími. Meta endurskipulagningu námstíma til stúdentsprófs.	2019-2020	<ul style="list-style-type: none"> Ráðherra lagði fram skýrslu til Alþingis um árangur og áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú. Í samstarfi við Háskóla Íslands verður unnið áfram að því að kanna stöðu nemenda eftir þriggja ára framhaldsskólanám.

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

20.2 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985; þau taka til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks skv. lögnum. Ríki og sveitarfélög hafa gert samkomulag um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Aðgerðarhluti 2020

Tímaáætlun

Framkvæmt 2020

Lagaumhverfi tónlistarskóla skoðað og endurskoðun eða breyting gerð á aðalnámskrá tónlistarskóla. Eins skoðað hvort ástæða sé til að gera heildstæð lög um listkennslu.

2020-2022

● Aðgerð ekki hafin vegna annríkis í öðrum verkefnum árið 2020.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

20.3 Vinnustaðanám og styrkir

Áhersla er lögð á að úthlutanir úr sjóðnum stuðli að fjölgun sérhæfðs starfsfólks á vinnumarkaði og samkeppnishæfara atvinnulífi. Stefnt er að því að skoða starfsemi og úthlutanir úr sjóðnum, m.a. með gagnsæi í huga.

Undir málaflokkinn falla lög um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012. Styrkir eru veittir til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Styrkjunum er ætlað að auðvelda nemendum að ljúka starfsnámi og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana á vinnustað.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Aðgerðarhluti 2020

Tímaáætlun

Framkvæmt 2020

Starfsemi og úthlutun vinnustaðasjóðs. Niðurstöðum úttektar á starfsemi og úthlutunum úr Vinnustaðasjóði fylgt eftir. (Sjá málaflokk 20.1 Framhaldsskólar)

2020-2022

● Aðgerð ekki hafin. Úttektarskýrslan send á stjórn sjóðsins í upphafi árs 2021. Þar er unnið úr úrbótatillögum.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

20.4 Jöfnun námskostnaðar

Áhersla er lögð á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki nr. 79/2003. Námsstyrkir eru veittir til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í öðrum málaflokkum málefnasviðsins eru að hluta til leiðandi fyrir málaflokkinn.

Aðgerðarhluti 2020

Tímaáætlun

Framkvæmt 2020

Reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003. Gera úttekt á framkvæmd laga um námsstyrki og skoða hvernig þau þjóna hlutverki sínu. Samhliða verður reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003 skoðuð.

2019-2021

● Aðgerð ekki hafin vegna annríkis í öðrum verkefnum árið 2020.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Háskólastig Málefнасvið 21

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
21.1 Háskólar	 1 1 1 1 6	10
21.3 Stuðningur við námsmenn	 2	2

21.1 Háskólar

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 21.1 Háskólar. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að efla gæði í starfsemi háskóla, rannsóknarstofnana og þekkingarsetra.

Markmið 1: Auka gæði náms og námsumhverfis í háskólum.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall nemenda sem ljúka bakkalárnámi á þremur árum.	66,6% (2017).	68,0%	Unnið er að endurskoðun á lykiltölum háskóla og framsetningu þeirra.
Fjöldi nýnema í grunnnámi kennaranáms.	208.	280.	460.
Fjöldi íslenskra skiptinema erlendis og erlendra gráðunema við háskóla hér á landi.	477/1.586.	510/1.600.	273/1403. Vegna heimsfaraldurs eru tölurnar ekki samanburðarhæfar við fyrri ár eða sett viðmið.

Aðgerðarluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Menntastefna 2030. Birta heildarrit með markmiðum og aðgerðum. Stefnan er þvert á skólastig.	2020	● Tillaga til þingsályktunar um nýja menntastefnu til ársins 2030 lögð fram á Alþingi í nóvember 2020.
Framlög til háskóla. Fjármögnun nái meðaltali OECD og horft verði til þess að bæta skilvirkni í rekstri háskóla. Innleiða breytingar á reglum nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla.	2017-2020	● Markmiði um fjármögnun var náð. Breytingar á reglum nr. 646/1999 eru enn í ferli.
Stefna um starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra. A) Gerð stefnu um starfsemi sem hefur að markmiði að efla, samþætta og bæta starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni, samanber tillögu A.3 um eflingu rannsókna og vísindastarfsemi í þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024.	2019-2020	● Unnið var að stefnunni á árinu.
Breyting á lögum. Gerð verði breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, m.a. til að styðja betur við gæðastarf háskólanna.	2020-2022	● Frestað vegna minna breytingafrumvarps á sömu lögum sem lagt var fram 2021. Stærri endurskoðun á dagskrá 2022.
Nýliðun og starfsþróun kennara. A) Vinna áfram að nýliðun, m.a. hvernig fjölga megi körlum. B) Vinna að þróunarverkefni um starfsþróun. C) Innleiða ný lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara. D) Skipa kennararáð til að gera tillögur að endurskoðun reglugerðar á grundvelli 8. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara. Vinna reglugerðina og gefa út. E) Vinna greiningu á nýju húsnæði Menntavísindasviðs HÍ.	2018-2022	● A) 5 ára átaksverkefni um nýliðun kennara stendur yfir. B) Þróunarverkefninu er lokið og skýrsla um framkvæmdina liggur fyrir. C) Innleiðing stendur yfir. D) Kennararáð tók til starfa 2020. Reglugerð um hæfniramma verður birt 2021. E) Skrifað undir viljayfirlýsingu um framtíðarhúsnæði MVS í júní. Málið í frekari vinnslu vegna mögulegra kaupa á byggingu Hótel Sögu.
Gæði í háskólastarfi og fjármögnun háskóla. A) Innleiða tillögur um breytingar á reglum nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. B) Gera úttekt á lögreglunámi á háskólastigi. C) Gera sértækar úttektir á gæðum fjarnáms og meistaranáms þvert á háskóla. Sérstaklega verði litið til kynja- og jafnréttissjónarmiða. D) Þróa áfram fagháskólanám.	2019-2022	● A) Breytingar á reglum nr. 626/1999 eru enn í ferli. B) Úttekt gefin út í mars 2021. C) Frestað vegna heimsfaraldurs. D) Framhaldsnám sjúkraliða hefst 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Opin vísindi. Birta og hefja innleiðingu á stefnu um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum og rannsóknargögnum (sjá einnig málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum).	2020-2022	● Vísinda- og tæknistefna 2020-22 kveður á um að hindranir verði kortlagðar og tillögur settar fram 2022.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Styrkja rannsóknarstarf og umgjörð þess.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2020
Ritrýndar birtingar háskóla (þriggja ára meðaltal).	2.294.	2.625.	Verkefnastofa MRN vinnur að uppfærðum lykiltölum háskóla.
Hlutfall kvenna meðal prófessora.	31% (skólaárið 2017–2018).	33%.	Verkefnastofa MRN vinnur að uppfærðum lykiltölum háskóla.
Hlutfall akademískra starfsmanna undir 40 ára aldri (fastráðnir starfsmenn).	6,8%.	9%.	Verkefnastofa MRN vinnur að uppfærðum lykiltölum háskóla.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Rannsóknarinnviðir. Skipa stjórn Innviðasjóðs og auglýsa eftir verkefnum í vegvísi um rannsóknarinnviði. Birta vegvísi (sjá einnig málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum).	2017-2020	● Lokið að öllu leyti nema að vegvísir verður birtur í endanlegri mynd 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknarstofnana í samfélaginu.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2020
Fjöldi nýstofnaðra sprotafyrirtækja sem starfsmenn háskóla eiga aðild að á ári.	0.	3.	1.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Miðlun. Gerð verkáætlunar um miðlun vísinda og tækni og framkvæmd hennar (sjá einnig málaflokk 7.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum).	2018-2020	● Sjá ofar.
Vísindamálaráðherrafundur norðurskautsríkja í Japan: Ísland og Japan halda sameiginlegan vísindamálaráðherrafund norðurskautsríkja í Japan þar sem áhersla er lögð á vísindi, loftslagsbreytingar og nýsköpun á norðurslóðum.	2020	● Fundur frestaðist vegna heimsfaraldurs en fór fram í maí 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

21.3 Stuðningur við námsmenn

Meginverkefni málaflokksins er fjárhagslegur stuðningur við námsmenn. Undir málaflokkinn falla lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 (LÍN) og er megintilgangur þeirra að tryggja tækifæri til náms óháð efnahag.

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 21.3 Stuðningur við námsmenn. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að aðgengi að námi sé jafnt, óháð búsetu og öðrum aðstæðum. Stefnt er að því að skoða kosti þess að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðari byggðum.

Markmið 1: Jafnari og gagnsærri dreifing á framlagi ríkisins til nemenda.

Markmið 2: Bætt námsframvinda nemenda í háskólum.

Markmið 3: Fjölga menntuðu fólki í ákveðnum starfsstéttum.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Metið er að ekki sé raunhæft að setja fram mælikvarða um árangur fyrr en reynsla er komin á nýtt fyrirkomulag námslána.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.	Skilgreina mælikvarða og setja viðmið.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Stuðningssjóður íslenskra námsmanna. Innleiða nýtt námsaðstoðarkerfi verði áformað frumvarp til laga um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna að lögum.	2020	● Frumvarp um Menntasjóð námsmanna varð að lögum 9. júní 2020.
Úthlutunarreglur. Útbúa reglur fyrir SÍN og LÍN.	2020	● Auglýsing um úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna var birt 23. júlí 2020.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála Málefnasvið 22

Yfirlit yfir fjölda og stöðu aðgerða sem áætlað var að fara í á árinu 2020.

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða og aðgerðahluta	Samt.
22.1 Leikskóla- og grunnskólastig	 17	17
22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	 2  1  1	4
22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála	 3	3

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

22.1 Leikskóla- og grunnskólastig

Í fjárlögum ársins 2020 voru skilgreind fjögur markmið fyrir málaflokk 22.1 Leikskóla- og grunnskólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að skapa umhverfi fyrir eflingu leikskóla- og grunnskólastigs, leggja grunn að þátttöku leik- og grunnskólanemenda í lýðræðissamfélagi og veita þeim viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám.

Markmið 1: Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda.

Markmið 2: Styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði.

Markmið 3: Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.

Markmið 4: Auka gæði námsgagna.

Markmið 1: Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall nemenda sem nær viðmiði 1 í lesfimi.	4. bekkur 82,5%. 7. bekkur 68,9%. 10. bekkur 68,0%.	Hlutfall nemenda sem ná viðmiði 1 í lesfimi verði: • að lágmarki 85% í 4. bekk, • að lágmarki 75% í 7. bekk og 10. bekk. Upplýsingar um grunnstöðu annarra lestrarfærniþátta liggja fyrir eigi síðar en 2020.	4.bekkur: 82-84% 7.bekkur: 69-71% 10.bekkur: 70-73%
PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall nemenda, greint eftir kynjum, sem nær 2. stigi eða hærra.	Staðan 2015: Allir 78%. Drengir 71%. Stúlkur 84%. Niðurstöður PISA 2018 lágu fyrir í desember 2019.	Allir 83%. Drengir 75%. Stúlkur 90%.	Allir 73,6%. Drengir 65,6% . Stúlkur 81,3%. Staðan skv. PISA 2018 (birt 2019).
PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra.	Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem náði 2. stigi eða hærra var 39% 2015. Niðurstöður PISA 2018 liggja fyrir í desember 2019.	Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra náði meðaltali OECD.	Meðaltal 48,8%. Meðaltal OECD er 77,3%.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Menntastefna 2030. A) Birta heildarrit með markmiðum og aðgerðum. B) Stofna samstarfsráð um menntun sem mun vinna að framtíðarsýn og meginmarkmiðum. Stefnan er þvert á skólastig.	2020	● Unnið var að drögum um menntastefnu 2030 og tillaga að þingsályktun lögð fram árið 2020. Þingsályktunartillagan var síðan samþykkt á Alþingi í mars 2021. Unnið er á vegum ráðuneytisins að aðgerðaráætlun vegna innleiðingar til þriggja ára í senn. Gert er ráð fyrir viðtæku samráði við hagsmunaaðila um mótun hennar á næstu fimm mánuðum.
Lestrarfærni. Klára að innleiða Lesferil og meta verkefnið í heild sinni.	2019-2020	● Búið er að innleiða 9 af 12 mælitækjum Lesferils. Gert er ráð fyrir að síðustu 3 mælitækin verði tilbúin á árinu 2021. Einnig var opnaður sérstakur læsisvefur árið 2020 á vef Menntamálastofnunar og ráðgjöf og stuðningur veittur við sveitarfélög og skóla og sérstakt tilraunaverkefni um snemmtækan stuðning í leikskólum. Fyrir liggur ytra mat á verkefninu sem unnið var af frumkvæði Menntamálastofnunar en ekki liggur fyrir heildarmat.
Nemendur með annað móðurmál en íslensku. A) Innleiða stöðumat um námsfærni og miðla því til grunnskóla. B) Fylgja eftir niðurstöðum starfshóps og forgangsraða aðgerðum.	2020	● A) Stöðumat fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku liggur fyrir og er aðgengilegt á 40 tungumálum á vef Menntamálastofnunar, til notkunar fyrir grunn- og framhaldsskóla án endurgjalds. Unnið er að þróun sambærilegs leiðarvísis fyrir leikskólastigið og að víkka út stöðumat á grunnskólastigi. B) Menntamálastofnun hefur forgangsraðað aðgerðum með hliðsjón af skýrslu starfshópsins og eru þrjár aðgerðir farnar af stað. Þá hefur verið unnið að undirbúningi þriggja námsbóka fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi með íslensku sem annað tungumál og að aðlögun efnis sem til er í samfélagsfræði. Unnið er að útfærslu aðgerðaráætlunar á grundvelli skýrslunnar í tengslum við innleiðingu menntastefnu 2030. Vinna við sumar tillögurnar er nú þegar hafin, svo sem endurskoðun á aðalnámskrá leik- og grunnskóla fyrir þennan nemendahóp.
Samræmd könnunarpróf. Fylgja eftir niðurstöðum starfshóps um endurskoðun prófanna.		● Skýrsla um framtíðarstefnu um samræmt námsmat var birt á árinu 2020. Unnið verður að innleiðingu nýs samræmds námsmats 2021-2023.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
<p>Færni í íslensku Fagráð um íslensku. Starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Viðmið um hæfni kennara í íslensku</p>	2019-2024	<p>● Fagráð um íslensku hefur tekið til starfa og vinnur m.a. að tillögum um eflingu þessa námssviðs, þ.e. hvernig efla má íslenskukennslu og auka samfellu kennslunnar milli skólastiga. Hlutverk ráðsins er ennfremur að veita ráðuneyti og Menntamálastofnun ráðgjöf á sviðinu.</p> <p>Unnið hefur verið að eflingu starfsþróunar með gerð námskeiða sem eru í undirbúningi skv. samningi ráðuneytisins við Menntavísindasvið HÍ, m.a. með áherslu á eflingu íslensku.</p> <p>Unnin hafa verið drög að nýjum viðmiðum um hæfni kennara í íslensku á grundvelli laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum, nr. 95/2019.</p>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrugreinum.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2020
PISA-rannsókn í stærðfræði og náttúrufræði 2015, 2018 og 2021; hlutfall nemenda sem nær 2. stigi eða hærra.	Staðan 2015 í stærðfræði: Allir 76,4%. Drengir 75,6%. Stúlkur 77,2%. Staðan 2015 í náttúrufræði: Allir 74,7%. Drengir 73,6%. Stúlkur 75,7%.	Staðan í stærðfræði 2018 verði að lágmarki: Allir 79,2%. Drengir 78,4%. Stúlkur 80% . Staðan í náttúrufræði 2018 verði að lágmarki: Allir 78,2%. Drengir 75,8%. Stúlkur 77,9%.	Stærðfræði: Allir: 79,3%. Drengir: 76,5%. Stúlkur: 82%. Læsi á náttúruvísindi: Allir: 75%. Drengir: 72,2%. Stúlkur: 77,8%. Miðað við PISA 2018 (tölur birtar 2019).
PISA-rannsókn í stærðfræði og náttúrufræði, hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra.	Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem náði 2. stigi eða hærra í stærðfræði var 54,3% og 43,1% í náttúruvísindum. Tölur úr PISA 2018 koma í desember 2019.	Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem nær 2. stigi eða hærra ná meðaltali OECD.	Stærðfræði: 62,3%. Meðaltal OECD: 63,5%. Náttúruvísindi: 52%. Meðaltal OECD: 65,7%.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Færni í stærðfræði og náttúrufræði. Fagráð um þessi námssvið.	2020	● Fagráðin hafa tekið til starfa og vinna m.a. að tillögum um eflingu þessara námssviða. Hlutverk ráðanna er ennfremur að veita ráðuneyti og Menntamálastofnun ráðgjöf á sviðinu.
Stærðfræði og náttúrufræði. Undirbúa og gera skimunarpróf fyrir stærðfræði og í náttúrugreinum.	2019-2024	● Áherslubreytingar hafa orðið á aðgerðinni og í stað vinnu við gerð skimunarprófa hefur verið lögð áhersla á starfsþróun og ráðgjöf. Unnið hefur verið að eflingu starfsþróunar með gerð námskeiða sem eru í undirbúningi skv. samningi ráðuneytisins við Menntavísindasvið HÍ, m.a. með áherslu á stærðfræði og náttúrugreinar. Gert er ráð fyrir að þessi aðgerð falli einnig að hluta undir innleiðingu á nýjum heildstæðum matsferli sem innleiddur verður á næstu þremur árum.

Markmið 3: Auka gæði menntunar í leikskólum og grunnskólum.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020*
Meðaltal viðmiða (á kvarða 1-4) metinna grunnskóla í ytra mati Menntamálastofnunar.	(2019) Stjórnun og fagleg forysta: 3,2. Nám og kennsla: 2,9. Innra mat: 2,5.	(2021) Stjórnun og fagleg forysta: 3,4. Nám og kennsla: 3,1. Innra mat: 2,7.	Stjórnun og fagleg forysta: 3,0. Nám og kennsla: 2,7. Innra mat: 2,4.
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur hafa aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa.	Nemendur hafa aðgang að námsráðgjafa í 71% grunnskóla.	(2021) Nemendur hafi aðgang að námsráðgjafa í 80% grunnskóla.	Ekki liggja fyrir upplýsingar um stöðu skv. þessum mælikvarða. Árið 2019 voru 93,5 stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum á landsvísi. Árið 2017 voru þau 88. Árið 2018 90,5.
Hlutfall kennara með leyfisbréf til kennslu í leikskóla og grunnskóla.	27% í leikskóla og 91,4% í grunnskóla (2017).	30% í leikskóla og 94% í grunnskóla.	24,7% í leikskóla. og 85,2% í grunnskóla.(2019)

*Vegna Covid-19 fóru einungis 13 grunnskólar í gegnum ytra mat í stað 26.

Aðgerðarhluti 2020

Færni í stærðfræði, íslensku og náttúrugreinum. Fagråd á viðkomandi námssviðum.

Tímaáætlun

2020

Framkvæmt 2020

● Fagræðin hafa öll tekið til starfa og vinna m.a. að tillögum um eflingu þessara námssviða. Hlutverk ráðanna er ennfremur að veita ráðuneyti og Menntamálastofnun ráðgjöf á sviðinu.

Gæði náms- og starfsráðgjafar. A) Fylgja eftir úttekt á fyrirkomulagi og gæðum náms- og starfsráðgjafar. B) Kalla eftir ástæðum frá fræðslustjórum og skólastjórum þar sem ekki starfa náms- og starfsráðgjafar.

2020

● Skýrsla með tillögum til umbóta var birt um mitt ár 2020. Niðurstöður hennar voru nýttar við gerð tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2030 og verða hluti af aðgerðaráætlun stefnunnar til ársins 2030.

Aflað verður skýringa frá fræðslustjórum og skólastjórum þar sem ekki starfa náms- og starfsráðgjafar fyrir lok árs 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Aðalnámskrá leikskóla. Undirbúa endurskoðun á námskránni.	2020	● Unnið var að endurskoðun á aðalnámskránni vegna barna með íslensku sem annað tungumál. Tillögur að breytingum voru settar í samráðsgátt stjórnvalda og unnið er að undirbúningi að útgáfu endurskoðaðrar aðalnámskrár.
Aðalnámskrá grunnskóla. A) Endurskoða íslensku sem annað tungumál. B) Endurskoða 16. kafla um undanþágur frá skyldunámi og skólasókn og 9. kafla um námsmat. C) Undirbúa frekari endurskoðun.	2020	● Unnið hefur verið að endurskoðun aðalnámskrárinnar. Fyrir liggur endurskoðaður kafla um íslensku sem annað tungumál og ný drög að kafla um menningarfærni, móttöku og fjölyngi. Stofnaður var starfshópur til að endurskoða 16. kafla aðalnámskrárinnar um undanþágur sem gert er ráð fyrir að skili af sér tillögu að endurskoðuðum kafla vor 2021. Lögð var fram í samráðsgátt tillaga að breytingum á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. Að teknu tilliti til umsagna hagsmunaaðila verður málið skoðað nánar í tengslum við aðgerðaáætlun menntastefnu 2030. Sérfræðingateymi hefur verið stofnað á vegum Menntamálastofnunar til að innleiða hæfnimiðað námsmat í grunnskólum. Þá er unnið að undirbúningi heildarendurskoðunar á greinasviðum aðalnámskrárinnar sem hefst haustið 2021.
Brotthvarf. Starfshópur skilar tillögum að leiðum til að styrkja líðan, félagsstöðu og skólagöngu drengja og stúlkna í leik- og grunnskólum með það að markmiði að minnka brotthvarf úr námi.	2020	● Skipaður hefur verið starfshópur um snemmbæran stuðning í skólakerfinu. Hópurinn mun skila skýrslu til ráðuneytisins með kostnaðarmetnum umbóta-tillögum fyrir árslok 2021.
Menntun fyrir alla. Endurskoða fjármögnunarkerfi til skólastarfs og skilgreina lágmarksþjónustu á þjónustusvæðum.	2018-2024	● Unnið að samstarfsverkefni ráðuneytisins með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 13 sveitarfélagum um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla. Í tengslum við vinnu að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og ungmenna er lögð áhersla á að stigskipt þjónusta á öllum málefnasviðum verði skilgreind, þ.á m. hvað varðar skólþjónustu ríkis og sveitarfélaga.
Þjónusta náms- og starfsráðgjafa. Fylgja eftir niðurstöðum könnunar á umfangi þjónustu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum.	2020-2022	● Skýrsla með tillögum til umbóta var birt um mitt ár 2020. Niðurstöður hennar voru nýttar við gerð tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2030 og verða hluti af aðgerðaráætlun stefnunnar til ársins 2030.
Undirbúa endurskoðun aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla með hliðsjón af úttekt á menntun án aðgreiningar og könnun í grunnskólum á innleiðingu aðalnámskrár.	2020	● Sjá umfjöllun um endurskoðun aðalnámskrár hér að ofan.

Markmið 4: Auka gæði námsgagna.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2020
Framboð titla á táknmáli.	8.	11.	14.
Hlutfall námsefnis sem er í samræmi við aðalnámskrá, þ.m.t. rafræn námsgögn.	45%.	65%.	65%.

Aðgerðarluti 2020**Tímaáætlun****Framkvæmt 2020**

Námsgögn. Fylgja eftir stefnumótun um námsgögn og forgangsráða aðgerðum.

2018-2024

- Drög að stefnu voru rýnd m.a. í tengslum við mótun menntastefnu 2030 og þingsályktun um eflingu íslensku, aðgerða í kjölfar PISA og áherslna á útgáfu stafrænna námsgagna. Hjá Menntamálastofnun hefur verið unnið að nýrri útgáfustefnu sem tekur m.a. mið af stefnumótuninni og nýjum veruleika í skólalastarfi hvað varðar tæknimál í kjölfar Covid-19. Útgáfustefnan tekur einnig mið af nýrri menntastefnu og sérstök áhersla hefur verið lögð á efni í íslensku sem öðru tungumáli, sérkennsluefni í læsi, stafræna þróun og efni í íslensku og náttúrugreinum.

Námsgögn. Fjölga námsgögnum sem gefin eru út til að mæta þörfum nemenda sem nota táknmál.

2018-2024

- Menntamálastofnun í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur unnið 14 titla sem eru tilbúnir til birtingar. Níu titlar hafa þegar verið birtir á vef. Unnið hefur verið að endurhönnun á kerfinu sem heldur utan um efnið og að henni lokinni verður unnt að birta titlana fimm sem bíða. Stefnt er á að hlaða inn því efni sem til er sem fyrst og hefja framleiðslu á nýju efni haustið 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Í fjárlögum ársins 2020 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig. Eftirfarandi markmið málaflokksins miðar að því að skapa umhverfi fyrir eflingu framhaldsfræðslu, leggja grundvöll að þátttöku fólks í fullorðinsfræðslu í lýðræðissamfélagi og veita því viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf á vinnumarkaði.

Markmið 1: Auðvelda fullorðnu fólki að afla sér menntunar og starfsréttinda.

Mælikvarðar	Staða 2018	Víðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi.	20,0% (2017).	> 18%.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Fullorðið fólk með þroskahömlun. Vinna með niðurstöður verkefnishóps um úrbætur í menntun, hæfingu, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla.	2018-2023	● Tillögur starfshóps voru kynntar í skýrslu ásamt niðurstöðum könnunar á afdrifum nemenda eftir útskrift á starfsbraut. Unnið að aðgerðum, m.a. í samvinnu við Samtök atvinnulífsins, símenntunarmiðstöðvar og aðrar menntastofnanir.
Menntun innflytjenda. Kortleggja ferli við mat á menntun innflytjenda og meta styrkleika og veikleika.	2020-2024	● Gagnaöflun er í vinnslu um framkvæmd og þróun íslenskukennslu fyrir útlendinga og mat á færni.
Hæfni fullorðinna. Kortleggja ferli við mat á hæfni fullorðinna til áframhaldandi náms og starfsþróunar og meta styrkleika og veikleika.	2020-2024	● Verkefni undirbúið sem miðar að því að meta hæfni á samhæfðan hátt inn í framhaldsskóla.
Gæði og nýsköpun í framhaldsfræðslu. A) Endurmeta útgjöld, kortleggja dreifingu fjármagns í þeim tilgangi að einfalda hana og reglur um úthlutun fjárveitinga. B) Gera úttekt á árangri framhaldsfræðslukerfisins.	2019-2020	● A) Verkefnið er í gangi með fjármálaráðuneyti en það hægðist á framvindu þess vegna afleiðinga Covid-19. B) Heildarúttekt ekki hafin en niðurstöður minni úttekta liggja fyrir.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála

Stjórnamálefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru menntamál, rannsóknar- og vísindastarfsemi, listir og menningararfur, safnamál, fjölmiðlun, íþróttar- og æskulýðsstarf, málefni íslenskrar tungu og táknaþátt. Starfsemin nær yfir 15 málaflokka.

Í fjárlögum ársins 2020 var skilgreint eitt markmið fyrir málaflokk 22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála.

Markmið 1: Styrkja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneytisins.

Mælikvarðar	Staða 2018	Viðmið 2020	Árangur 2020
Hlutfall sérfræðinga og stjórnenda sem hafa staðgóða þekkingu á stefnumótun og áætlunargerð.	27%.	44%.	30%.
Hlutfall skilgreindra lykiltalna sem eru aðgengilegar á veflægu formi innan ráðuneytisins.	Unnið að skilgreiningu lykiltalna.	50%.	Tölfræðileg gögn gerð aðgengileg í gegnum upplýsingakerfi ráðuneytisins, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar og menntatölfræði.

Aðgerðarhluti 2020	Tímaáætlun	Framkvæmt 2020
Aðgengi að tölfræðilegum gögnum. Miðla helstu lykiltölu og fjárhagsupplýsingum hvers málefna sviðs í samræmdu notendaviðmóti.	2020	● Unnið var að uppbyggingu gagnagrunns og upplýsingakerfis fyrir fjárhagsupplýsingar og lykiltölur á málefna sviðum ráðuneytisins.
Að stuðla að markvissari starfsþróun starfsmanna með uppsetningu og framkvæmd starfsþróunaráætlana.	2019-2024	● Undirbúningur að starfsþróunaráætlun starfsmanna er lagt kominn.
Byggja upp aðgengi að grunduðum gögnum í samræmdu notendaviðmóti í upplýsingakerfum ráðuneytisins.	2019-2024	● Unnið er að uppbyggingu gagnagrunns og upplýsingakerfis til að bæta aðgengi að lykiltölum og rauntímagögnum í því skyni að efla tölfræðilega greiningu á öllum málefna sviðum ráðuneytisins.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Varasjóðir málaflokka eru hugsaðir til þess að bregðast við ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarvanda á einstökum liðum innan viðkomandi málaflokks. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal nema að hámarki 2% af heildarfjárheimildum. Ráðuneytið var á árinu 2020 með átta varasjóði og meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu þeirra í árslok ásamt skýringum á ráðstöfun úr þeim sjóði sem greitt var úr að gefnu tilefni; þ.e. 21.1 Háskólar.

Til ráðstöfunar voru alls 1.341,2 m.kr. Á árinu voru nýttar 794,5 m.kr. Árslokastaða varasjóða var 546,9 m.kr.

Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

7.10 Nýsköpun og samkeppnisjóðir í rannsóknnum	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	68,5
Staða varasjóðs í lok árs	68,5
18.1 Safnamál	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	21,6
Framlag í varasjóð	34,7
Þjóðminjasafn Íslands - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-7,1
Listasafn Einars Jónssonar - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-5,1
Kvikmyndasafn Íslands - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-1,8
Listasafn Íslands - vegna lækkunar sértekna	-20
Náttúruminjasafn Íslands - vegna lækkunar sértekna	-10
Staða varasjóðs í lok árs	12,3
18.2 Menningarstofnanir	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	33,2
Framlag í varasjóð	4,8
Millifært í varasjóð	100
Minjastofnun Íslands - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-2,4
Staða varasjóðs í lok árs	135,6
18.3 Menningarsjóðir	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	248,3
Framlag í varasjóð	2,1
Varasjóður lækkaður vegna árslokastöðu	-74,5
Vegna samnings við Almannaróm	-147
Gjöf Jóns Sigurðssonar - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-5,5
Staða varasjóðs í lok árs	23,4

Fjárhæðir í milljónum króna

Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

18.4 Íþróttá- og æskulýðsmál	Fjárhæð	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum - vegna fjölgunar nemenda	-3,8
Staða varasjóðs í upphafi árs	10,9	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra - vegna fjölgunar nemenda	-23,5
Framlag í varasjóð	1,1	Fjölbrautaskóli Suðurlands - vegna fjölgunar nemenda	-22
Styrkir til uppbyggingar landsmótsstaða - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-0,1	Verkmenntaskóli Austurlands - vegna fjölgunar nemenda	-15,6
Staða varasjóðs í lok árs	11,9	Verkmenntaskólinn á Akureyri - vegna fjölgunar nemenda	-32
		Fjölbrautaskólinn í Garðabæ - vegna fjölgunar nemenda	-7,2
20.1 Framhaldsskólar	Fjárhæð	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu - vegna fjölgunar nemenda	-0,4
Staða varasjóðs í upphafi árs	392,7	Framhaldsskólinn á Húsavík - vegna fjölgunar nemenda	-0,2
Framlag í varasjóð	113,2	Framhaldsskólinn á Laugum - vegna fjölgunar nemenda	-14,2
Millifært í varasjóð	138,6	Borgarholtsskóli - vegna fjölgunar nemenda	-14,5
Menntaskólinn við Sund - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-105,9	Fjölbrautaskóli Snæfellinga - vegna fjölgunar nemenda	-4,6
Menntaskólinn á Ísafirði - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-83,3	Menntaskóli Borgarfjarðar - vegna fjölgunar nemenda	-4,1
Menntaskólinn á Egilsstöðum - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-16,3	Menntaskólinn á Tröllaskaga - vegna fjölgunar nemenda	-7,3
Kvennaskólinn í Reykjavík - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-6,9	Tækniskólinn - vegna fjölgunar nemenda	-83,2
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-8,2	Staða varasjóðs í lok árs	38,9
Menntaskólinn á Akureyri - vegna fjölgunar nemenda	-10		
Menntaskólinn að Laugarvatni - vegna fjölgunar nemenda	-7,9		
Menntaskólinn við Sund - vegna fjölgunar nemenda	-5,1		
Menntaskólinn á Ísafirði - vegna fjölgunar nemenda	-10,6		
Menntaskólinn á Egilsstöðum - vegna fjölgunar nemenda	-8,5		
Menntaskólinn í Kópavogi - vegna fjölgunar nemenda	-22,1		
Kvennaskólinn í Reykjavík - vegna fjölgunar nemenda	-4,5		
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti - vegna fjölgunar nemenda	-39,8		
Fjölbrautaskólinn við Ármúla - vegna fjölgunar nemenda	-5,8		
Flensborgarskóli - vegna fjölgunar nemenda	-8,7		
Fjölbrautaskóli Suðurnesja - vegna fjölgunar nemenda	-21,3		
Fjölbrautaskóli Vesturlands - vegna fjölgunar nemenda	-8,1		

Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárhæðir í milljónum króna



Ráðstöfun varasjóða á árinu 2020

	Fjárhæð
21.1 Háskólar	
Staða varasjóðs í upphafi árs	251,1
Framlag í varasjóð	221,9
Millifært í varasjóð	10
Háskóli Íslands - vegna fjölgunar nemenda	-165,8
Háskólinn á Akureyri - vegna fjölgunar nemenda	-20,8
Landbúnaðarháskóli Íslands - vegna fjölgunar nemenda	-27
Háskólinn á Hólum - vegna fjölgunar nemenda	-9,4
Háskólinn á Bífröst - vegna fjölgunar nemenda	-10,4
Háskólinn í Reykjavík - vegna fjölgunar nemenda	-15,8
Listaháskóli Íslands - vegna fjölgunar nemenda	-0,8
Staða varasjóðs í lok árs	233,0
22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála	
Staða varasjóðs í upphafi árs	34,2
Framlag í varasjóð	3,5
Norræn samvinna - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-14,5
Rannsóknamiðstöð Íslands - vegna árslokastöðu fjárheimilda	-0,1
Staða varasjóðs í lok árs	23,1

Fjárhæðir í milljónum króna

